

Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild
Leikskólabraut
2006

Leggjum börnum lið við læsi

Höfundar:
Guðný Ósk Gylfadóttir
Helga María Harðardóttir
Lokaverkefni við kennaradeild

Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild
Leikskólabraut
2006

Höfundar: Guðný Ósk Gylfadóttir og Helga María Harðardóttir
Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild
Leiðsögukennari: Guðmundur Engilbertsson

Yfirlýsingar

Við lýsum því hér með yfir að við erum einar höfundar þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna.

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.

Ágrip

Í þessu lokaverkefni til B.Ed.-gráðu við kennaradeild Háskólans á Akureyri er leitast að svara rannsóknarspurningunni: Hvernig þróast læsi hjá börnum á leikskólaaldri?

Lestrarkunnátta er hverjum manni nauðsynleg. Kjarninn í læsisþróun er sá að börn læra best með því að prófa sig áfram og þau læra mest með því að nota tungumálið, ritmálið og táknmálið í látbragði og myndum og með viðeigandi örvun frá umhverfinu. Læsisþróunin á sér stað skref fyrir skref og er einstaklingsbundin svo þróun læsis verður að skoða hjá hverju barni fyrir sig og vinna út frá því.

Við gerum grein fyrir þróun læsis hjá ungum börnum út frá kenningum um nám barna og málþroska. Einnig veltum við því fyrir okkur hvaða hlutverki kennarar og uppalendur og umhverfi barnanna gegna við læsisþróun. Við skoðum mismunandi aðferðir þriggja leikskóla við lestrarkennslu og hvaða árangri þær skila.

Niðurstöður benda að með markvissri málörvun, lestrarhvetjandi umhverfi og bókstafainnlögn ná börnin góðum árangri í lestrarnámi á leikskólaaldri.

Abstract

In this final paper for B.Ed. grade at the University of Akureyri's teachers department, we are looking for an answer to this research question: How does reading skill develop for children at kindergarden age?

Reading knowledge is necessary for every human being. The essens of reading knowledge is that the children learn the best by improvising and they learn the most by using the spoken-,writing-, and sign-language in play-acting and with pictures and also by proper enviorment stimulation. Reading skill development goes on step by step and each and every child must be diagnosed and then taught from that point on.

We will be looking at reading skill development of young children in view of theoris of educating children and their speaking skill. Also the basic essense of reading and reading skill, the part that the children surroundings and tutors have in developing reading skills. We will be examining three different methods of teaching children how to read, at three different kindergardens and the result of that.

It was reveald that by using systematic speaking-stimulation, reading-inspirational surroundings and letters settings the children gets very good results in reading skills at kindergarden age.

Efnisyfirlit

| | |
|--------------------------------------|----|
| 1. Inngangur..... | 2 |
| 2. Opinber stefna..... | 3 |
| 2.1 Jean Piaget..... | 4 |
| 2.2 John Dewey..... | 6 |
| 2.3 Howard Gardner..... | 8 |
| 2.4 Samanburður..... | 10 |
| 3. Málþroski barna..... | 12 |
| 3.1 Hljóðkerfisvitund..... | 14 |
| 3.2 Þjálfun hljóðkerfisvitundar..... | 15 |
| 3.3 Hljóm-2..... | 16 |
| 4. Forsenda læsis..... | 19 |
| 4.1 Þróun læsis..... | 21 |
| 5. Nám í leikskóla..... | 24 |
| 5.1 Leikurinn..... | 24 |
| 5.2 Að lesa fyrir börn..... | 25 |
| 5.3 Lestrarhvetjandi umhverfi..... | 27 |
| 5.4 Hlutverk leikskólakennara..... | 29 |
| 6. Könnun..... | 31 |
| 6.1 Aðferðafræði..... | 32 |
| 6.2 Fyrirkomulag..... | 33 |
| 6.3 Leikskóli X..... | 34 |
| 6.4 Leikskóli Y..... | 36 |
| 6.5 Leikskóli Z..... | 38 |
| 7. Umræður..... | 42 |
| Heimildaskrá..... | 46 |
| Fylgiskjal | |

1. Inngangur

Tilgangur þessa verkefnis er að rannsaka hvernig læsi þróast hjá börnum á leikskólaaldri. Að læra að lesa og skrifa er auðgandi ferli sem veitir milljónum manna aðgengi að þekkingu og upplýsingum sem breikkar sjóndeildarhringinn og eykur tækifæri og möguleika á að skapa betra líf. Það sem vakti áhuga okkar á þessu viðfangsefni var að hluta til vegna umræðunnar og viðhorfa í þjóðfélaginu til lestrargetu barna: að börn séu ekki eins vel læs og á árum áður, en samt eru kröfurnar til náms að aukast.

Í þessu upplýsingaþjóðfélagi sem við lifum í, í dag er erfiðara að sjá sér farborða án menntunar. Leikskólinn fer ekki varhluta af auknum kröfum um menntun barna því hann er fyrsta skólastigið. Því er í höndum leikskólakennara að mæta þeim kröfum og sjá til þess að börn séu komin með nokkuð góðan grunn í lestrarnámi í leikskóla áður en þau hefja grunnskólagöngu. Fólk virðist oft á tíðum ekki gera sér grein fyrir þeirri margþættu kennslu sem á sér stað innan veggja leikskólans. Það er eins og að börn þurfi að sitja á stól við borð, fólk setur oft samasem merki á milli þess og lærdóms.

Eitt af markmiðum verkefnisins er að auka skilning okkar og þekkingu á hvernig læsi þróast hjá börnum á leikskólaaldri. Með aukinni þekkingu á lestrarnámi teljum við okkur vera betur í stakk búna til að sinna starfi okkar og börnin nái betri árangri í lestrarnámi. Með því að kynna okkur sérstaklega vel einn námsþátt leikskóla, lestrarnámið, vörpum við ljósi á mikilvægi þess náms sem fram fer í leikskóla.

Rannsóknarspurning okkar er: Hvernig þróast læsi hjá börnum á leikskólaaldri?

Í fyrri hluta verkefnisins kynnum við okkur hugmyndafræði um hvernig nám barna fer fram og hverjar eru helstu forsendur læsis og velgengni í lestrarnámi hjá leikskólabörnum, þar sem grundvöllur læsis og þróunar þess er lagður í umhverfi barnsins frá byrjun fyrir tilstuðlan foreldra, leikskólakennara og lestrarhvetjandi umhverfis.

Í seinni hluta verkefnisins kynnum við okkur aðferðir í þremur leikskólum við lestrarkennslu og hvaða árangri aðferðirnar skila. Í lokin drögum við saman efnið í fyrrihluta og þeim seinni og tengjum saman og leitumst við að svara spurningunni um hvernig læsi þróist hjá börnum á leikskólaaldri?

2. Opinber stefna

Menntun er auður sem aldrei verður frá neinum tekinn og gefur öllum möguleika á að njóta sín og lífsins. Fyrsta menntunin er veitt í faðmi fjölskyldunnar en kærleikur og góð menntun eru það besta sem hægt er að gefa hverju barni.¹

Skólastefnan að baki aðalnámskrám (1999) á að styrkja og móta heilsteypt starf í einstökum skólum og skólakerfinu í heild. Nýr kafli hófst í íslenskri skólasögu þegar í fyrsta sinn var unnið samhliða að námskráargerð fyrir leik- grunn- og framhaldsskóla. Markmiðið er að ná eðlilegri samfellu og stígandi á námsleiðinni og leitað er úrræða til að bregðast við þörfum hvers nemandar.² Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (1999) kemur fram að markmið grunnskólans er að hlúa að félagsmótun barnanna í samvinnu við heimilin.³ Allir eiga jafnan rétt til náms og er það grundvallarviðmið í skólastarfi sem er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Er þá ekki átt við það að endilega séu sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefni eiga að höfða jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra og ófatlaðra óháð uppruna, trú og litarhætti. En það gera skólarnir og skólayfirvöld með því að leita leiða til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins.⁴

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999) kemur fram að í leikskólum eru yfirleitt barnmiðuð viðfangsefni og þar læra börnin í gegnum leik og samskipti við aðra en ekki beina kennslu. Börn hafa mismunandi getu, reynslu og þroska og þau hafa þörf fyrir samneyti við önnur börn, jafnt jafnaldra sína sem eldri og yngri börn. Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Mikil áhersla er lögð á skapandi starf og sjálfsprottinn leik barnsins því leikurinn er náms- og þroskaleið þess og litið þannig á að í honum felist uppgötvunarnám.⁵

Eins og aðalnámskrár leik- og grunnskóla eru settar upp í dag, falla þær mjög vel að þeim kenningum sem taka mið af einstaklingnum, eins og t.d. hugmyndir byggðar á fjölgreindakenningu Gardners og hugsmíðahyggjan (constructivism) gera.

1. *Aðalnámskrá grunnskóla almennur hluti* 1999:5

2. *Aðalnámskrá grunnskóla almennur hluti* 1999:5

3. *Lög um grunnskóla nr. 49/1994*

4. *Aðalnámskrá grunnskóla almennur hluti* 1999:16

5. *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:7-10

En til þess að átta sig á mikilvægi náms sem þroskaleiðar fyrir börn er vert að huga að kenningum þar sem skilgreint er hvernig nám barna fer fram. Í þessum kenningum er lögð áhersla á að námsumhverfi sé auðugt, opið og hvetjandi og byggist á virkri þátttöku nemandans, áhuga hans og sýn á tilgang þess sem hann gerir. Kenningar um hugsmíðahyggju byggja á mikilvægi umhverfisins og hlutverki kennarans í þroska einstaklingsins og hve nám gegni stóru hlutverki í þróunarferli einstaklingsins. En Jean Piaget er talinn vera einn af frumkvöðlum hugsmíðahyggjunnar, John Dewey er frægur fyrir umbótauppeldisfræði eða félagshugsmíðahyggju og fjölgreindakenning Gardners fjallar um styrk einstaklingsins út frá mörgum greindum. Kenningar þessara þriggja fræðimanna verða kynntar nánar hér að neðan á eftir.

2.1 Jean Piaget

Jean Piaget fæddist í borginni Neuchatel í Svisslandi 9. ágúst 1896. Hann andaðist í Genfarborg 16. september 1980 og var sístarfandi að rannsóknum og skriftum til síðustu stundar.⁶ Hann er þekktur fyrir rannsóknir sínar á vitsmunapróska barna. Hugsmíðahyggja Piaget, er byggð á hugmyndum hans um þroskaferli einstaklingsins til að geta beitt rökréttri hugsun. Ásamt viðleitni einstaklingsins til að laga sig að umhverfinu taldi Piaget að vitsmunapróska barna þróaðist í ákveðnum þrepum eða stigum í fyrirfram ákveðinni röð og ekki hægt að sleppa úr stigi, ásamt viðleitni einstaklingsins til að laga sig að umhverfinu.⁷ Verður hér gerð grein fyrir hugsun barna frá þriggja ára aldri til átta ára aldurs.

- Fyrsta stig telur Piaget að nái frá þriggja til fimm ára aldurs. Þetta skeið einkennist af því að börn vilja vita hvaða orsakir séu á bak við hlutina og spyrja því í sífellu „af hverju? Ef börnin eru svo spurð aftur sömu spurninga verða svör þeirra margvísleg eftir því hvað liggur að baki þeim.⁸
- Annað stig er frá fimm til átta ára aldurs. Á þessu skeiði er forvitnin enn mjög mikil hjá börnunum en minna um spurningar eins og „af hverju og hvers vegna?“⁹

6. Sigurjón Björnsson 1992:10

7. Björke 2001:25

8. C.M 1982:37-38

9. C.M 1982:39

Í samspili við þessar formgerðir eða stig, líffræðilegan þroska og í snertingu við umhverfið þróar barnið ný og flóknari heildarskemu sem fela í sér nám á hærra stigi.¹⁰ En skema (scheme) er skipulögð hugsun eða hugarsmíð sem barnið byggir utan um reynslu sína og umhverfi. Barnið byggir þekkingu sína á eldri reynslu og ber saman nýja reynslu við eldri þekkingu til þess að öðlast skilning á því sem nýtt er.

Piaget segir að táknbundin hugsun þróist fyrir tilstyrk samlögunar og aðhæfingar. Táknbundin hugsun er það, þegar börn fara að hugsa um hluti sem hlut, ekki það sem hluturinn gerir t.d. bolti er bolti en ekki eitthvað sem rúllar og hoppar. Börnin búa sér til táknmynd af hlutum í huganum og atburðarrás.

- Undirstaða aðhæfingar (accommodation) er eftirlíkingin, að barnið líkir eftir athöfnum annarra. Barnið aðlagar sig að ytra umhverfi eða utanaðkomandi áhrifum og úr verður einskonar eftirlíking.
- Undirstaða samlögunar (assimilation) er leikur barnsins. Samlögungun er áhrif og reynsla sem barnið verður fyrir. Barnið aðlagar þessa reynslu að sér og fellir að reynsluheimi sínum, þ.e. aðlagar umhverfið að sjálfu sér, þekkingu, reynslu og þroska sem það hefur aflað sér. Barnið vinnur úr þeim áhrifum sem það verður fyrir á sinn hátt, út frá sínum reynsluheimi.

Eftirlíkingin (imitation) eða það að herma eftir, æfir barnið í því að greina að einhver hlutur geti staðið fyrir eitthvað annað en sjálf sig, t.d. verður prik að byssu, skósóli verður sími. Börnin fara að skilja að orðin hafa víðtækari merkingu og þau sjá fyrir sér að t.d. hundur sé orð yfir öll fjórfætt dýr en það er eins og áður segir forsenda táknbundinnar hugsunar.¹¹

Samkvæmt Piaget virðist félagslegur þroski barns koma af sjálfu sér, sem afrakstur þeirrar reynslu sem það öðlast smátt og smátt og munur sé á félags- og vitsmunalegum þroska.¹² Hann telur einnig að þegar nemendurnir séu byrjaðir að beita óhlutstæðum hugtökum þá aukist áhrif formlegrar málnotkunar á hugsun þeirra. Börnin sjá að málið er skipulegt kerfi af hugmyndum, hugtökum, tengslum og flokkunaraðferðum. Hann segir einnig að málið sé í eðli sínu bundið hefð og venju í þeim skilningi að meðal manna sé yfirleitt samkomulag um hvaða merkingu eigi að leggja í orðin.¹³

10. Myhre 2001:275

11. Sigurjón Björnsson 1992:49

12. Johansen og Brynhildsen 1998:33

Hugmyndir Piaget byggja á því að hinn fullorðni skipi stórt hlutverk í lífi barnsins með því að skipuleggja og búa í haginn fyrir barnið þannig að það þroskist sem best í samskiptum sínum við umhverfið.¹⁴ T.d er aðalstarf kennarans ekki aðeins að miðla þekkingu heldur sjá um að nemendurnir hafist eitthvað að. Athafnirnar eiga að vera af því tagi að þær stuðli að mannlegum þroska, ekki síst málræn, félagsleg samskipti sem krefjast mikillar málnotkunar og handfjötlnar hluta við lausn á ýmiss konar viðfangsefnum.¹⁵ Til að geta gegnt þessu starfi verður kennarinn að vita yfir hvaða hæfileikum og getu börnin búa og hvernig þeim gengur best að læra. Hann verður að efla innsæi sitt sem mest, læra að fylgjast með börnum að starfi og hlusta á þau svo að hann geti veitt þeim þá aðstoð sem að gagni kemur þegar þau þurfa á henni að halda. Hann verður að varast þann algenga misskilning að börn læri eins og fullorðnir læra og læri best með því að lesa og hlusta í kyrrð og ró.¹⁶

2.2 John Dewey

Dewey fæddist 20. október 1859 í Berlington í Vermont og lést í New York 1. júní árið 1952. Hann var bandarískur heimspekingur og menntafrömuður.¹⁷ Hann stofnaði tilraunaskóla árið 1896 ásamt konu sinni Alice Chipman og notaði skólann til að prófa hugmyndir sínar um kennslu og styðjast við aðferðir sem voru ekki eins og fólk átti að venjast Börnin áttu að vinna sem mest að sameiginlegri lausn verkefna undir leiðsögn kennara og utanbókarlærdómur var lagður af.¹⁸

Hugmyndir Dewey um skóla var samfélag í smækkaðri mynd. Nám í verki – að læra með því að framkvæma (Learning by doing) urðu einkunnar orð þessara kennsluhátta. Allt sem gert var átti að vera vel skipulagt og markvisst til þess að börnin héldu sér við efnið. Þau ættu að spyrja spurninga sem leiddu til þroskandi og menntandi umræðu, ekki aðeins til þess að fá svar heldur til að læra í gegnum leik.¹⁹ Hlutverkaleikur er góð undirstaða fyrir nám ungra barna, því að í honum fá börnin tækifæri til að endurskapa þekkingu sína í samskiptum

13. C.M 1982:22

14. Johansen og Brynhildsen 1998:33

15. C.M 1982:29

16. C.M 1982:29

17. Jóhanna Einarsdóttir 1997:115; Dewey 2000:9

18. Jóhanna Einarsdóttir 1997:115

19. Jóhanna Einarsdóttir 1997:115

við önnur börn. Dewey vildi að leikmunir sem börnunum væri boðið upp á væru eins raunverulegir og mögulegt væri²⁰ og taldi að leikurinn væri leið til menntunnar og þroska, þar sem börnin væru virk og skapandi í leik sínum. Skapandi hugsun barnanna veki áhuga þeirra sem leiddi til skýrrar hugsunar, börnin lærðu af reynslu en ekki kennslu.²¹

Samkvæmt kenningu Dewey má skipta áhugasviði barnsins í fjóra þætti:

- Áhugi á samræðum og samveru (byggt á félagslegri eðlishvöt).
- Áhugi á að rannsaka og uppgötva.
- Áhugi á að framkvæma (búa til hluti, skapa og setja saman).
- Áhugi á listrænni tjáningu.²²

Þeir þættir sem John Dewey lagði mesta áherslu á, voru að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Barnið á að læra af eigin reynslu og eigin virkni og áhuga, en persónuleg reynsla þess er forsenda þess að það fái skilning á umhverfi sínu.²³

Umhverfi barna var mikilvægt í huga Dewey, það varð að vera öruggt og vel skipulagt og kennarinn þar ábyrgð á að gera það hvetjandi í samræmi við vöxt þeirra og þroska. Jafnframt þyrfti að sjá til þess að kennslugögn og efniviður væri auðug, breytileg og sveigjanleg og kennarinn ætti að vera vinsamlegur samstarfsaðili með börnunum í sameiginlegum verkefnum.²⁴ Hlutverk kennarans var að skapa aðstæður og veita nauðsynlega leiðsögn þannig að hæfileikar barnsins þroskuðust barninu sjálfu og samfélaginu til góðs.²⁵ Dewey taldi að ekki væri hægt að líta á hugmyndafræði sem þekkingu eða sannleika án þess að hún hefði verið prófuð í alvöru. Kenningar hans hafa haft mikil áhrif á skólastarf í heiminum. Margt af því sem í dag er talinn sjálfsagður þáttur í skólastarfi, var það sem Dewey var að berjast við í byrjun aldar.²⁶

20. Jóhanna Einarsdóttir 1997:30

21. *Rit um uppeldisstefnu* 1994:7-9

22. *Rit um uppeldisstefnu* 1994:7

23. *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla*. 1993:18

24. *Rit um uppeldisstefnur* 1994:7-9

25. Myhre 2001:174

26. Jóhanna Einarsdóttir 1997:115

2.3 Howard Gardner

Howard Earl Gardner fæddist árið 1943 í Scranton, Pennsylvania. Hann er prófessor í kennslufræðum við Harvard Graduate School of Education og aðstoðarprófessor í taugafræði við Boston University School of Medicine. Hann er afkastamikill fræðimaður og hefur skrifað fjölda bóka.²⁷ Nær áttatíu árum eftir að fyrstu greindarprófin voru þróuð véfengdi Gardner þessa almennt viðurkenndu hugmynd.²⁸ Frægust þessara prófa er annarsvegar próf kennt við franska sálfræðinginn Alfred Binet (1857-1911) og bandarísk stöðlun þess, svonefnt Stanford-Binet próf, og síðan greindarpróf sem kennt er við bandaríska próffræðinginn David Wechsler (1896-1981) en hann samdi greindarpróf nefnt Wechsler-Bellevue intelligence Scale. Gerð þeirra er ekki alveg eins, en hvort tveggja byggjast prófin á staðlaðri röðun sem sýnt er að hafi fylgni við námsárangur. Á sama grunni byggjast hæfnispróf, skapgerðarpróf og kunnáttupróf af ýmsum toga. Gagnrýnt hefur verið að greindarhugtak prófanna sé of afmarkað, þau taki aðeins til hluta þess sem kalla má greind, þau spá aðeins fyrir um gengi fólks í hefðbundnu námi sem viðkemur lestri og rökhugsun en litlu um getu fólks í tónlist, íþróttum og mannlegum samskiptum.²⁹ Með kenningu sinni um fjölgreindir reyndi Gardner að víkka sýnina á mannlega möguleika út fyrir takmarkanir greindarvísitölunnar. Hann hafði efasemdir um að réttmætt væri að ákvarða greind einstaklings með því að taka hann út úr eðlilegu námsumhverfi og láta hann leysa einangruð verkefni sem hann hefði aldrei glímt við áður og myndi að öllum líkindum ekki kæra sig um að endurtaka. Tilgáta Gardner er sú að greind snúist fremur um hæfileika til að leysa þrautir eða vandamál annars vegar og hins vegar að hanna afurðir í góðu samspili og samhengi við umhverfið.³⁰

Kjarninn í fjölgreindakenningunni er sá að greind sé ekki eitthvert eitt fyrirbæri heldur sé um að ræða mörg greindarsvið.³¹ Gardner segir að hæfileiki barna og fullorðinna geti legið á mismunandi sviðum og ein tegund greindar sé ekki mikilvægari en sú næsta, mikilvægt sé að

27. Gardner 2006

28. Armstrong 2001:13-14

29. Sigurður J. Grétarsson 2006

30. Armstrong 2001:13-14

31. Gardner 1999:47

gefa börnum tækifæri til fjölbreyttra leikja og verkefna svo þau fái tækifæri til að þroska sig sem best. Greindirnar eru eftirfarandi:

- *Málgreind:* hæfileiki til að hafa áhrif með orðum, bæði munnlega og skriflega.
- *Rök- og stærðfræðigreind:* hæfileiki til að nota tölur á árangursríkan hátt og hugsa rökrétt.
- *Rýmisgreind:* hæfileiki til að skynja hið sjónræna og rúmfræðilegt umhverfi.
- *Líkams- og hreyfigreind:* færni í að nota allan líkamann til að tjá hugmyndir og tilfinningar og leikni til að búa til hluti og nota þá.
- *Tónlistargreind:* hæfileiki til að skynja, meta, skapa og tjá tónlist.
- *Samskiptagreind:* hæfileiki til að skilja og greina skap og tilfinningar annarra.
- *Sjálfsþekkingargreind:* Sjálfsþekking og hæfni til að lifa og starfa á grunni þeirrar þekkingar. Skýr sjálfsmynd og þekking á eigin styrk og veikleikum.
- *Umhverfisgreind:* hæfni í að þekkja og flokka fjölda tegunda úr jurta- og dýraríkinu auk næmni fyrir fyrirbærum náttúrunnar.³²



Með ýmsum sálfræðilegum rannsóknum telur Gardner að hægt sé að sjá greindirnar hverja fyrir sig. Má þar nefna rannsóknir þar sem þátttakendur búa yfir ákveðinni færni á einu sviði en geta ekki fært hana yfir á annað svið. Sumir einstaklingar geta til dæmis haft frábært minni á orð en ekki andlit og aðrir geta verið mjög næmir á tóna en ekki á hljóð orða. Einnig geta mismunandi þættir innan hvers greindar fyrir sig verið missterkir, þ.e. fólk sýnir mismunandi færni á hverju hugrænu sviði allra greindanna.³³

Fjölgreindakenningin leggur áherslu á fjölbreyttar kennsluaðferðir og hefur hlotið mikið lof hjá kennurum og gefur þeim tækifæri til að nota nýjar aðferðir í kennslu og menntunarfræðum.³⁴ Gardner telur að einn af mikilvægustu þáttum menntunnar til að örva þroska barns sé að beina því inn á þau svið þar sem hæfileikar þess fái sem best notið sín, þar

32. Armstrong 2001:14-15

33. Gardner 1993:65

34. Erla Kristjánsdóttir og fl. 2004:30; Armstrong 2001:63

sem það er ánægt og finnur til sín í stað þess að þurfa að standast takmörkuð viðmið um árangur.³⁵ Fjölgreindarkenningin byggir á virðingu fyrir margbreytileika manna og þeim óteljandi leiðum sem menn geta farið til að setja mark sitt á heiminn.³⁶

2.4 Samanburður

Að framan töldu má draga þá ályktun að Piaget, Dewey og Gardner séu samstíga í því að barnið læri af fyrri reynslu og byggji ofan þekkingu sína. Er það á ábyrgð kennara og uppalanda að búa börnunum umhverfi sem er skapandi, forvitnilegt og fjölbreytt til náms í gegnum leik og störf sem efla alhliða þroska þeirra.

Piaget er þekktur fyrir kenningar sínar um hvernig börn byggja upp þekkingu og samkvæmt kenningu hans gera börnin sér eigin mynd af heiminum og finna sér skýringar á hlutum og fyrirbærum í umhverfi sínu. Þessar hugmyndir (skemu) taka síðan stöðugum breytingum og þróast, m.a. vegna þess að börnin læra í gegnum fyrri reynslu að hugmyndir þeirra standast ekki og þau þurfa að finna sér aðrar og betri skýringar á hlutunum. Sýn Piagets er bæði djúp og takmörkuð. Hann álitur að börnin geti á sinn hátt tileinkað sér svo til allt með sleitulausri námsgleði sinni ef námið svari lágmarkskröfum um að vera þroskavænlegt, þ.e. námsskilyrðin séu eðlileg.³⁷ Þeir þættir sem John Dewey leggur mesta áherslu á, er að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Barnið á að læra af eigin reynslu og eigin virkni og áhuga en persónuleg reynsla þess er forsenda þess að það fái skilning á umhverfi sínu. Hann telur að mikilvægt sé að skapa lífandi tengsl milli skóla og samfélags og það á ekki að vera munur á hvað eða hvernig lært er í skólum eða utan þeirra því þessir heimur eiga að nálgast hvor annan. Skapandi hugsun barnanna vekur áhuga þeirra sem leiðir til skýrrar hugsunar, börnin læra af reynslu en ekki kennslu.

Samkvæmt fjölgreindakenningu Gardner, hefur hver einstaklingur a.m.k. eina greind sterkari en aðra og eðlilega leitar það fyrst leiða þar, til að leysa þann vanda sem hann stendur frammi fyrir. Hann telur að börn þurfi að fá tækifæri til fjölbreyttra leikja og verðug verkefni til að auka þroskakosti sína.

35. Goleman 2004:48

36. Armstrong 2001:8-9

37. Wolfgang 1988:165-166

Þessir fræðimenn eru sammála um að umhverfi barnsins spilar stóran þátt í hvernig barnið þroskast og dafnar en foreldrar og kennarar bera mikla ábyrgð á hvernig til tekst. Þar með talið er málörvun sem er einn þáttur í þroska barnsins þar sem umhverfið hefur mikil áhrif. Til dæmis má nefna að málumhverfi barna fyrir lestrarnám skiptir máli og sagt hefur verið: „Svo læra börnin málið að það er fyrir þeim haft“. Mörg börn fá málörvun strax á fyrstu ævidögum þegar þau eru hvött til að taka þátt í samræðum með hjali sínu en önnur ekki og standa hin fyrrnefndu betur að vígi þegar kemur að lestrarnámi.

3. Málþroski barna

Grundvöllur að máltöku barna er lagður strax við fæðingu, í samskiptum barnsins við sína nánustu. Börn greina snemma á milli hljóða en eru seinni að mynda hljóð og barn skilur meira en það getur tjáð sig.³⁸ Tungumálið greinir menn frá dýrum og er mikilvægasta tæki mannsins til boðskipta. Málnotkunin fer eftir því hvernig við notum tungumálið í samskiptum og samræðum við ólíkar aðstæður og frásagnir barna geta sagt okkur til um á hvaða stigi málþroskans þau eru því allir þættir málsins koma fram í frásögnum þeirra.³⁹

Það getur t.d. verið erfitt að skilja tal barns á 1.-2. ári og aftasta og fyrsta hljóðið er oftast hið sama. Á þessum aldri er mikilvægt að leiðrétta ekki barnið því það getur orðið til þess að letja það til að segja orð í stað þess að hvetja það. En það er gott að endurtaka rétt það sem barnið sagði rangt. Barn sem er á 2.-3. ári segir sérhljóða og marga samhljóða rétt. Enn vantar þó ýmsa samhljóða hjá barninu og einnig er hljóðaröð orða oft röng t.d. „katsali í staðinn fyrir „kastali. Sum þriggja ára börn eru í vandræðum með g og k og stöku sinnum f. Tveir eða fleiri samhljóðar saman eru líka mörgum litlum börnum erfiðir, st svo dæmi sé tekið. Um þriggja og hálfis árs aldurinn er þetta yfirleitt komið og fjögurra ára börn tala flest svo skýrt að enginn á í vandkvæðum með að skilja hvert orð þeirra. Þegar barn er orðið fjögurra til fimm ára getur eimt eftir af einhverjum óþroska í talinu s.s. erfiðleikum með r og þ, f, og s með þrjá samhljóða saman (til dæmis, þrj, str, skv) og með þriggja atkvæða orð og lengri. Öskubakki getur orðið öskubaski, strætó stætó og þvottavél, þðottavél. Við sjö ára aldur er þetta allt saman horfið hjá flestum börnum.⁴⁰ Að framantöldu þegar aldur barna er gefinn upp í sambandi við færni er það aðeins til viðmiðunar. Það eru ekki til meðaltalsbörn sem hvergi hvika frá miðju í raunveruleikanum. Reynsla barna, skap og ýmislegt fleira getur haft áhrif á getu þeirra og vilja til að sýna færni hverju sinni.⁴¹

Bandaríski málfræðingurinn Noam Chomsky var brautryðjandi á sviði rannsókna um málþroska barna og kom fram með kenningu um máltöku barna. Kenningin gengur út á að málhæfileikinn sé manninum áskapaður og að börn fæðist með nokkurskonar máltökutæki og það ráðist af umhverfinu hvaða tungumál barnið lærir. Máltökutækið er einskonar andleg formgerð sem vinnur úr gögnum umhverfisins og gerir börnum kleift að búa sér til reglur til

38. Bee 2000:228

39. Wells 1987:18-20

40. Kristín Elfa Guðnadóttir og Guðrún Hjartardóttir 1995:26

að skilja talað mál og geta sjálf myndað setningar.⁴² Hann telur að börn læri að tala nánast af sjálfu sér og án nokkurrar beinnar kennslu. Börn geta ekki lært tungumálið einvörðungu af umhverfinu, það dugi ekki til þar sem þau heyra mun minna af töluðu máli en nauðsynlegt er til að ná öllum orðaforða málsins. Hann heldur því fram að börn læri ekki að tala heldur öðlist þau málið.⁴³

Máltökurannsóknir hafa leitt í ljós að börnum er eðlilegt að finna merkingu þess sem sagt er í kringum þau út frá samhengi og aðstæðum. Orð og setningar berast barninu til eyrna í merkingarbæru samhengi og tengjast þeim aðstæðum sem barnið er í hverju sinni. Barnið finnur samhengi málsins með því að lesa í líkamstjáningu, svipbrigði og tóntegund fólks ásamt þeim orðum sem það skilur.⁴⁴

Reynsla manna og rannsóknir hafa sýnt að alhliða málþroski, málnotkun og boðskiptaskilningur er nauðsynleg undirstaða undir lestrarnám barna. Börn sem hafa lítið vald á máli, lítinn orðaforða og lítinn boðskipta- og málskilning eiga sérstaklega erfitt með að læra að lesa og njóta sín í barnahóp, bæði í leik- og grunnskólanum.⁴⁵ Börn afla sér orðaforða með hlustun, samræðum eða lestri. Ef orðaforði er slakur verður oft erfitt að afla sér frekari orðaforða og með því eru möguleikar barnsins skertir t.d. til velgengis í lestrarnámi. Stuðningur hins fullorðna er mikilvægur fyrir barnið, því það þarf leiðsögn og kennslu til að ná færni hjálparlaust.⁴⁶

Reynsla barna af tungumálinu á fyrstu ævimánuðum skiptir máli og mikilvægt er að ræða við börn um daglegar upptækur, ekki aðeins til að auka orðaforða heldur einnig til að þjálfa þau í að skilja atburðarás og sögur. Því betur sem börn þekkja tungumál sitt þegar þau hefja skólagöngu aukast líkur þeirra á að lestrarnámið gangi vel.⁴⁷ Góð lestrargeta er ávöxtur tveggja þátta, en það er að börn verða að geta skipt yfir frá málskilningi yfir í umskráningu á hljóðum í tákni. Sambandið á milli lestrar og máls er augljóst.⁴⁸

41. Kristín Elfa Guðnadóttir 1995:25

42. Aldís Guðmundsdóttir 1997:213

43. Pind 1997:4

44. Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1993:60-61

45. Valborg Sigurðardóttir 1991:135

46. Geekie og Raban 1994:160; Vygotsky 1978:86

47. Burns og Griffin 1999:8-9

48. Ásthildur Snorraddóttir 2001:73

3.1 Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er hæfileikinn til að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins. En það er skilningur einstaklings á hvernig hægt er að greina talað mál niður í smærri einingar og vinna með einingarnar á mismunandi vegu þ.e. hljóðfræðileg uppbygging tungumálsins í ákveðnu formi sem felst í því hvað og hvernig málið er sagt.⁴⁹

Undir hljóðkerfisvitund falla eftirtaldir þættir:

- **Sundurgreining;** að greina orð í setningum, orð í atkvæði eða einstök hljóð. Dæmi: teldu orðin í setningunni, *María rennir sér*. Teldu atkvæðin í orðinu *skápur*, segðu mér hver eru hljóðin í orðinu *hús*.
- **Hljóðgreining;** að greina hljóð í orðum sem byggir á því að þekkja fyrsta og síðasta hljóð í orði. Segðu mér hvaða hljóð byrjar í orðinu *súpa*? Hvað er síðasta hljóðið í orðinu *gras*?
- **Hljóðtenging;** að tengja saman hljóð í heildir, að hlusta á einstök hljóð og tengja þau saman í orð. Dæmi: segðu mér hvaða orð þetta er: /f-a-t/.
- **Hljóðflokkun;** hæfileikinn til að getað flokkað saman orð með sama upphafshljóði. Dæmi: nefndu fyrir mig orð sem byrja á /s/.
- **Orðhlutaeyðing;** hæfileikinn til að geta endurtekið einstaka orðhluta samsettra orða. Dæmi: hvaða orð rímar ekki: *fiskur* – *hvalur* – *diskur*. Segðu mér hvaða orð ríma við orðið *bíll*.⁵⁰

Þegar þriggja ára börn leika sér að hljóðum og leiðrétta talvillur, þó einkum annarra er það vísbending um að hljóðkerfisvitundin sé að þroskast. Við þriggja til fjögurra ára aldur heyra börn yfirleitt hvort orð er sagt á rangan hátt.⁵¹

Börn fjögurra til sex ára gömul, gera sér grein fyrir hljóðfræðilegri uppbyggingu talaðs máls og leika sér með tungumálið með því að búa til ný orð, bullríma eða finna hvaða orð ríma saman og hver ekki. Þessi leikur að orðum og hljóðum er mikilvægur undanfari lestrarnáms.⁵²

49. Helga Sigurmundsdóttir 2001:11; Ásthildur Snorradóttir 2001:73

50. Ásthildur B. Snorradóttir og Valdís B. Guðjónsdóttir 2001:7

51. Amalía Björnsdóttir og fl. 2003:10

52. Amalía Björnsdóttir og fl. 2003:10

Víða í erlendum ritum má finna áherslu á mikilvægi rímfærni fyrir hljóðkerfisvitund. Sumir telja hana mikilvæga undirstöðufærni fyrir lestur. Sumir fræðimenn telja ekki nægar sannanir vera fyrir því að rímfærni barna komi þeim til góða við lestrarnámið. En aðrir fræðimenn telja sig geta sýnt fram á að meira samband sé á milli þekkingar á stöfum og lestrarfærni en rímfærni.⁵³

Hljóðkerfisvitund byrjar að þroskast löngu áður en formlegt lestrarnám hefst og þjálfun hljóðkerfisvitundar ætti því að vera einn af þeim þáttum málræktar sem sinnt er í leikskólanámi.⁵⁴

3.2 Þjálfun hljóðkerfisvitundar

Undirbúningur fyrir lestrarnám hefst á meðan barnið er mjög ungt og löngu áður en eiginlegt lestrarnám hefst. Börnum sem alast upp í umhverfi þar sem þau hafa aðgengi að bókum, mikið er lesið og ritmál er sýnilegt farnast betur í lestrarnáminu.⁵⁵

Með því að þjálf hljóðkerfisvitund er sá möguleiki fyrir hendi að draga úr hættu á lestrarörðuleikum síðar meir. Hægt er að þjálf hljóðkerfisvitund barna með leikjum sem byggja á hlustun eins og rímleikjum, greina orð í atkvæði, búa til setningar úr orðum og aðgreina hljóð í orðum. Síðar eru lögð fyrir erfiðari verkefni svo sem aðgreining hljóða í orði, í byrjun fyrsta hljóð í orði en síðar að finna hvernig orð breytist með því að nema burt hljóð innan úr því, svo sem að taka r úr orðinu gráta sem þá verður gáta og taka l úr orðinu blað, bað.⁵⁶ Skiptar skoðanir eru meðal fræðinga um það hvernig sé best að kenna ungum börnum að lesa. Fjölmargar rannsóknir á síðustu áratugum hafa sýnt að börn með sterka hljóðkerfisvitund eiga auðveldara með lestrarnám.

Donald Shankweiler hefur stundað rannsóknir á hljóðkerfisvitund barna sem sýna að markviss þjálfun hljóðkerfisvitundar á forskólaaldri getur haft áhrif á lestrarfærni barnsins. Donald telur að börn læri best með að lesa út frá hljóðum bókstafanna og segir að ef þjálfun

53. Guðmundur Engilbertsson og Rósa Eggertsdóttir 2004:7

54. Amalía Björnsdóttir og fl 2003:10

55. Amalía Björnsdóttir og fl 2003:12

56. Helga Friðfinnsdóttir og fl 1999:6

hljóðkerfisvitundar væri útbreiddari þá ættu færri börn í vandræðum með lestranáám sitt og færri börn þyrftu sérkennslu.⁵⁷

Swank og Catts rannsökuðu (1994) tengslin á milli hljóðkerfisvitundar og lestrar. Verkefni voru orðhlutaeyðing, hljóðflokkun, hljóðtenging og sundurgreining. Þeir sem tóku þátt í rannsókninni voru 54 börn í fyrsta bekk. Helstu niðurstöðurnar voru þær að orðhlutaeyðing, hljóðflokkun og hljóðtenging sýndu miðlungs fylgni við lestur og að sundurgreining sýndi lága fylgni við lestur. Öll verkefni sem lögð voru fyrir börnin, til þess að prófa hljóðkerfisvitund voru þannig sett upp að þau gætu auðveldlega greint á milli nemanda með góða eða slaka getu til þess að umskrá hljóð yfir í tákn.⁵⁸

Ball og Blackmann (1991) rannsökuðu hvort þjálfun í hljóðkerfisvitund á forskólaaldri hefði áhrif á hæfileikann til að stafa og lesa síðar. Niðurstöðurnar sýndu að þjálfun hljóðvitundar ásamt vinnu með hljóð stafanna sýndi marktækan árangur í því að bæta getu barna í lestri og stafakunnáttu. Rannsóknir um allan heim hafa sýnt fram á bein tengsl hljóðkerfisvitundar við lestur. Einnig hefur verið rannsakað að hægt er að þjálfva hljóðkerfisvitund og efla lestrarfærni.⁵⁹

Ingvar Lundberg og samstarfsmenn hans gerðu langtíma rannsókn á 400 börnum, þar sem hljóðkerfisvitund var markvisst þjálfuð hjá hópi sex ára barna áður en formlegt lestrarnám hófst. Þessi rannsókn sýndi að hljóðræn þjálfun sem undanfari hefðbundinnar lestrarkennslu hefur langtíma áhrif og þau börn sem höfðu fengið hljóðræna þjálfun í leikskóla sýndu mun betri árangur í lestri og stafsetningu. Rannsóknin sýndi að hægt er að styrkja hljóðvitund barna án tengsla við formlega lestrarkennslu. Þjálfun hljóðkerfisvitundar virðist auðvelda öllum börnum að tileinka sér lestur og stafsetningu.⁶⁰

3.3 Hljóm-2

Talmeinafræðingarnir Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir ásamt Amalíu Björnsdóttur unnu að rannsókn og gerð Hljóm-2. Hugmyndirnar að verkefnum í Hljóm-2 eru flestar fengnar úr erlendum rannsóknum en taka mið af íslensku mál og hljóðkerfi.⁶¹

57. Lóa Aldísardóttir 2001:25-27

58. Ásthildur Snorrardóttir 1999:10-11

59. Ásthildur Snorrardóttir 2001:72-73

60. Lundberg og Petersen 1988:264

61. Ingibjörg Símonardóttir og fl 2002:5

Megintilgangurinn með Hljóm-2 var að finna tæki sem greindi mögulega hættu á að börn stríddu við lestrarerfiðleika síðar. Strax í upphafi var reiknað með að notendur Hljóm-2 væru leikskólakennarar eða annað fagfólk sem ynni með elstu börnum í leikskólum.⁶²

Leikskólakennari eða fagaðili þarf skriflegt leyfi foreldra áður en Hljóm-2 er lagt fyrir barn. Allir foreldrar eiga rétt á að fá upplýsingar um stöðu barn síns hver sem niðurstaðan hefur orðið. Hafa ber í huga niðurstöður geta skipt miklu máli fyrir barnið, foreldrana og leikskólann. Því er nauðsynlegt að undirbúa fyrirlögn vel til að tryggja sem best að barnið sýni eðlilega getu og niðurstöður verði áreiðanlegar. Þegar prófið er lagt fyrir er best að vera í herbergi sem er vel loftræst, bjart og hljóðlátt og þannig staðsett að barnið verði ekki fyrir truflun. Einnig að velja þann tíma dagsins þegar barnið er óþreytt eins og til dæmis á morgnanna, yfirleitt tekur fyrirlögnin um 20 mínútur og er nauðsynlegt að gera ráð fyrir nægum tíma. Ef fyrirlögn er ekki lokið innan viku eru niðurstöður ómarktækar og þarf að endurtaka prófið þremur vikum síðar.⁶³

Hljóm-2 er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum og eru eftirfarandi þætti kannaðir:⁶⁴

- **Rím:** Barnið á að ríma orð sem það heyrir við eina af þremur myndum sem hafa áður verið kynntar.
- **Samstöfun:** Barnið endurtekur orð sem fyrir því er haft, sundurgreinir og klappar samstöfur í átta orðum sem eru frá tveimur og upp í fjögur atkvæði. Þessi þáttur hefur minni fylgni við síðari lestrarfærni, eins og fram kom í kaflanum um hljóðkerfisvitund en aðrir þættir, en hins vegar er hann mikilvægur grunnur í þjálfun hljóðkerfisvitundar.
- **Samsett orð:** Barnið heyrir tvö orð og á að setja það saman í eitt orð. Til dæmis ef að barnið fær kerti og ljós þá er útkoman kertaljós. Til þess að geta sett orðin saman þarf barnið að nota málvitund sína til að laga sig að reglum tungumálsins.
- **Hljóðgreining:** Barnið á að hlusta eftir ákveðnu hljóði í orði. Eins og til dæmis heyrir S..... í sssól?
- **Margræð orð:** Barnið fær fjórar myndir, á tveimur myndanna á sama orð við ólíka

62. Ingibjörg Símonardóttir og fl 2002:21

63. Ingibjörg Símonardóttir 2002:32-33

64. Ingibjörg Símonardóttir 2002:5

hluti. Dæmi: Pera, belti, pakki og ljósapera. Ljósapera – pera er eitt og sama orðið yfir tvö ólík hugtök.

- **Orðhlutaeyðing:** Barnið fær uppgefið orð til dæmis sólblóm, síðan er spurt hvað verður eftir ef við tökum burtu sól af orðinu sólblóm. Með þessu er ekki eingöngu verið að örva hljóðkerfisvitund og tilfinningu fyrir formi málsins heldur einnig aðra þætti málmeðvitundarinnar eins og orðaforða, heyrnrænt minni, málfræðivitund og merkingarfræðivitund.⁶⁵

Strax í leikskóla er mikilvægt að bera kennsl á þau börn sem hafa slaka hljóðkerfisvitund og var Hljóm-2 hannað með það fyrir augum að geta nýst í þeim tilgangi.⁶⁶

65. Ingibjörg Símonardóttir 2002:22-25

66. Amalía Björnsdóttir og fl 2003:12

4. Forsenda læsis

Hugtakið læsi (literacy) er notað um lágmarkshæfni til að lesa texta á tilteknu tungumáli og skrifa á sama máli. Læsi tekur bæði til lestrar og ritunar og í því felst einnig færni í að gera sér grein fyrir hvernig nota má lestur og ritun í því samfélagi sem við á hverju sinni. Í alþjóðlegri rannsókn IEA sem fram fór 1991 var hugtakið læsi skilgreint sem hæfni til að skilja og nýta sér ýmsar myndir ritaðs máls sem samfélagið krefst að fólk hafi vald á eða það kýs sjálft að nota.⁶⁷

Forsenda læsis felur í sér frumþætti móðurmálsins, tal, hlustun, lestur og ritun. Að verða læs þýðir að skilja og ráða yfir færni sem byggist á þeim öllum og grundvöllur læsis og þróunar þess er lagður í umhverfi barnsins frá byrjun.⁶⁸

Ef barnið skilur ekki röðun orða í setningar og orð og hugtök í talmáli eru því sett takmörk fyrir að skilja það sem það les.⁶⁹ Við lestur á sér stað hugarstarfsemi sem kallast lestrarferli sem skiptist í ytra og innra ferli. Ytra ferlið er skynjun augna en innra ferlið er úrvinnsla heilans á því sem augað skynjar.⁷⁰ Lengi hefur lestur verið kenndur sem tækni, aðallega byggð á sjónrænni úrvinnslu en nú er í auknum mæli farið að líta á hann sem flókið samspil ýmissa þátta.⁷¹

Í bók sinni *Lestur og mál* segir Hrafnhildur Ragnarsdóttir: „Litið hefur verið á lestrarnám sem einstaklingsbundið viðfangsefni, nokkuð sem hvert barn þarf að leysa fyrir sig. Nýlega er farið að líta á lestur sem félagslegt fyrirbæri sem sprettur upp úr samskiptum fólks og verður partur af menningu notendanna“. Einnig kemur fram að æ fleiri skoði lestrarnám með tilliti til máltöku og að börn noti sömu aðferðir og hugsunarferli við lestrarnámið.⁷² Það er viðurkennt af flestum að auðugt málumhverfi skiptir miklu máli fyrir árangur í lestrarnámi og mismunandi umhverfi á heimilum hefur verið tengt við árangur í lestri. Eitt af því sem foreldrar hafa verið hvattir til að gera er að lesa fyrir börnin. Í samantekt áratuga rannsókna á tengslum milli reynslu barna af lestri á leikskólaaldri og málþroska og hæfni í lestri síðar meir, fundust jákvæð tengsl þótt þau væru mismikil eftir hópum.

67. Guðmundur Kristmundsson 2001:[án bls.]

68. Rannveig A. Jóhannsdóttir 1997:10

69. Málfríður Gísladóttir 1999:23

70. Þóra Kristinsdóttir 2000:196

71. Jóhann Ólafsson 1988:8

72. Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1987:53-58

Foreldrarnir eru yfirleitt tilbúnir til að leggja sitt af mörkum við lestrarnám barna sinna og skiptir máli hvernig fyrirmyndir foreldrarnir eru bæði í hegðun og viðhorfum til lestrar og hvernig lesið er fyrir börnin.⁷³

Van Lierop kannaði í rannsókn sinni hvaða áhrif fjölskyldur hafa á félagsmótun barna í tengslum við lestur og setti fram tvíþætta flokkun á þeim eftir því hvaða viðhorf þær hafa til bókmennta og lesturs. Annars vegar er um að ræða fjölskyldur þar sem formlegt (formal) viðhorf til lesturs og hins vegar er um að ræða fjölskyldur með hagnýtt (functional) viðhorf til lesturs.⁷⁴

- **Formlegt viðhorf til lesturs.** Lestrarvenjur í þessum fjölskyldum taka aðallega mið af ytri þáttum, einkum skóla og það efni sem fjölskyldumeðlimir lesa tengist að miklu leyti námi eða vinnu. Börnin lesa einungis það sem foreldrarnir telja að sé hollt fyrir þau og auki vitsmunabroska þeirra. Lestur í þessum fjölskyldum á sér stað sem einangrað tilfelli, en er ekki ríkur þáttur í daglegu lífi fjölskyldunnar og samskipti fjölskyldumeðlima í tengslum við lestur eru fremur fastmótuð og lítils sveigjanleika verður vart í þeim.

Hagnýtt viðhorf til lesturs. Þessar fjölskyldur eru meðvitaðar um að bókmenntir eru mikilvægur miðill og athygli foreldra beinist að því hvað börnin lesa en ekki hvort þau lesi. Áhersla er lögð á þá persónulegu upplifun sem fólk verður fyrir með því að lesa. Í þessum fjölskyldum er lesið meira en í fjölskyldum þar sem formlegt viðhorf er ríkjandi, og lestrarefni þeirra er jafnframt fjölbreyttara. Samræður um lesefnið og lestur er stærri hluti af daglegu heimilislífi en hjá fjölskyldum þar sem formleg viðhorf eru ríkjandi.⁷⁵

Samkvæmt rannsókn Ágústu Pálsdóttur hafa lestrarvenjur foreldra áhrif á börnin. Að foreldrar lesi fyrir börnin sín, tali um það sem verið er að lesa, fari með þeim á bókasafn til að skoða og fá lánaðar bækur. Mikilvægt er að börn sjái fullorðna fólkið lesa, því rannsóknir hafa sýnt fram á fylgni þess að börn sem eru áhugasöm um lestur eigi foreldra sem lesa mikið og lesturinn hafður sýnilegur fyrir þeim, þessi börn eru líklegri til að verða bókelsk alla ævi.⁷⁶

73. Amalía Björnsdóttir og fl 2003:12

74. Peer 1991:548-551

75. Peer 1991: 539-558

Einnig kemur fram í grein Ágústu að lestur hefur afar hagnýtan tilgang fyrir börn þegar kemur að framtíð þeirra á sviði menntunar og eiga þau meiri möguleika á að verða sjálfstæðari í þjóðfélaginu. Rannsóknir sýna að ef börn lesi í tómstundum sínum standa þau sig betur í námi.⁷⁷ Sýnir þetta mikilvægi félagslegra samskipta fyrir bæði máltöku og lestrargengi barna og að sömu uppeldisaðferðir og reynast heppilegastar fyrir máltöku einkenna farsælan undirbúning lesturs og síðar þjálfun í lestri barna.⁷⁸ Myndun læsis (*emergent literacy*) byggist á frumreynslu barns af lestri og skrift á heimili sínu og í nánasta umhverfi, reynslu sem hefur móttandi áhrif á hugmyndir barnsins um ritmálið. Talmál, lestur og skrift eru samverkandi þættir sem styðja hvern annan í lestrarferlinu.⁷⁹

4.1 Þróun læsis

Til að verða læs og skrifandi þarf barnið reynslu, vitneskju og færni í að skilja og að nota talað mál en þessir mállegu þættir eru síðan studdir atgervi barnsins, líkamlegu, vitsmunalegu og minnisþáttum.⁸⁰ Barnið lærir mest í félagslegum samskiptum sem byggja á þeim þroska sem það býr yfir. Umhverfið hefur því gríðarlega mikið að segja, varðandi læsisþróun hjá börnum þó erfiðir vegi vissulega þungt líka.

1. stig læsisþróunar. Undirbúningsstig læsis eru eftirfarandi atriði:

- Barn þarf að ná ákveðnum grunni til að geta tengt hljóðmynd orðs við textamynd þess.
- Barnið þarf að átta sig á því að rittákn fela í sér merkingu og læra muninn á talmáli og ritmáli.
- Barnið þróar með sér ákveðinn skilning á eðli og tilgangi lestrar á þessu stigi, kynnist málfari bóka og fer að lesa í þykjustunni. Börn á leikskólaaldri eru á þessu stigi.⁸¹

2. stig læsisþróunar. Lestrarbyrjun, en þar koma fram þessir þættir:

- Barnið fer að þekkja einstaka orð í rituðu formi. Yfirleitt eru þetta orð sem barnið sér oft og hefur sérstaka merkingu fyrir það og barnið verður meðvitað um að orðin hafa

76. Ágústa Pálsdóttir 1998:8-13

77. Ágústa Pálsdóttir 1998:20

78. Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1993:53

79. Margrét Sigurðardóttir og Sigrún Birgisdóttir 1998:3

80. Málfríður Gísladóttir 1999:23

81. Þóra Kristinsdóttir 2000:187

ákveðin skilaboð. Það skynjar orðin sem heild og veit jafnvel ekki fyrir hvað bókstafirnir í orðinu standa eða að hægt sé að raða þeim saman til að mynda orð.

- Ef barnið fær viðeigandi örvun áttar það sig á því að textinn felur í sér merkingu og að hver bókstafur stendur fyrir ákveðið máhljóð.
- Barnið lærir jafnframt hvernig á að tengja þá saman í merkingarbær orð. Þetta stig er seinlegt því hljóðkerfið er flókið og fullt af tilbrigðum. Flest börn fara í gegnum þetta stig í 1. bekk.⁸²

Frá unga aldri öðlast barnið margs konar þekkingu á hlutverki og tilgangi ritaðs máls. Barnið lærir af því að upplifa og uppgötva ýmislegt um ritað mál í sínu daglega lífi. Samtöl milli barns og fullorðins er mikilvæg leið til að þróa læsi, sérstaklega þegar barnið fær tækifæri til að ræða um það sem því liggur á hjarta og finnur fyrir athygli og áhuga viðmælanda síns.⁸³

Í bókinni *Literacy Development in The Early Years* er sett upp á aðgengilegan hátt hvað fjölskyldumeðlimir og kennarar geta gert til þess að tryggja þessa örvun. Um lestrarbyrjun er sagt að:

Foreldrar og fjölskyldumeðlimir ættu að:

- Lesa daglega stuttar og upplýsandi sögur fyrir barnið.
- Hrósa barninu fyrir tilraunir til þess að lesa og skrifa.
- Leyfa barninu að taka þátt í athöfnum sem fela í sér lestur og skrif, t.d. við matargerð eða gerð innkaupalista.
- Leika við það leiki sem fela í sér ákveðnar athafnar eins og „Símon segir.
- Halda uppi samræðum við barnið við matarborðið og í daglegu amstri.⁸⁴

Kennarar ættu að:

- Hvetja barnið til að tala um reynslu sína af lestri og ritun.
- Gefa barninu tækifæri til að kanna og læra tengslin á milli hljóða og tákns í merkingarfullum texta.

82. Þóra Kristinsdóttir 2000:187-188

83. Rannveig A. Jóhannsdóttir 1997:10

84. Morrow 2001:154

- Lesa oft áhugaverðar og innihaldsríkar sögur fyrir barnið.
- Gefa barninu dagleg tækifæri til þess að skrifa.
- Hjálpa barninu við að byggja upp orðaforða.
- Gera umhverfið læsishvetjandi sem hvetur barnið til þess að læra að lesa og skrifa.⁸⁵

Til að ná góðri færni í lestri þarf að ná valdi á nokkrum byrjendastigum. Táknmyndastigi sem einkennist af því að börn nota sjónræna þekkingu sína og lesa orð sem myndir en ráða ekki í einstaka stafi. Umskráningarstigi þar sem börnin tileinka sér lögmál stafrófsins en það felur í sér skilning á því að hver stafur stendur fyrir tiltekið hljóð í málinu og reynir þar á hljóðkerfislega færni barnsins. Á ritháttarstigi vex færni barns til að þekkja samband hljóða og einstakra stafa og stafasambanda. Eftir því sem börn verða næmari fyrir stafasamböndum, orðhlutum og orðheildum reiða þau sig í auknum mæli á þá þekkingu við ritun þeirra. Þessi færni þroskast og verður sjálfkvæm við lok fyrsta árs eða á öðru ári í skóla.⁸⁶ Hugtakið læsi felst í því að ná valdi á þessum þremur þáttum. Lestur er einstaklingsbundin, lærð færni sem krefst þjálfunar og þróast stig af stigi sem sumum börnum reynist mjög auðvelt, en önnur þurfa lengri tíma og markvissa, kerfisbundna kennslu.⁸⁷ Endursögn bæði munnleg og skrifleg hvetur börnin til heildræns lesskilnings og skipulagðar hugsunar.⁸⁸ Þeir sem kenna byrjendum að lesa þurfa að hafa þekkingu og gera það upp við sig á hvaða forsendum lestrarkennsla þeirra byggir eigi hún ekki að vera brotakennd og í ósamræmi við það sem vitað er um þróun lestrar.⁸⁹

85. Morrow 2001:154

86. Guðmundur Engilbertsson og Rósa Eggertsdóttir 2004:3-4

87. Steinunn Torfadóttir [án árt]:2

88. Morrow 2001:220

89. Hayes 1991:7

5. Nám í leikskóla

Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins samkvæmt lögum frá árinu 1994⁹⁰, en það er eins og það vilji stundum gleymast. Í umræðunni í dag hefur gjarnan heyrst að börn ættu ef til vill að byrja fyrr í skóla og er þá oftast ekki horft til grunnskólans. En staðreyndin er sú að flest börn hefja skólanámið í leikskóla tveggja ára gömul. Nám í leikskóla er góð og mikilvæg viðbót m.a. við þróun máls og lesþroska barns. Í leikskólanum er lögð áhersla á virka hlustun, endursögn og tjáningu, orðaforða og hugtakanám. Börn hlusta á sögur, semja sögur og yrkja ljóð. Í gegnum söng læra leikskólabörn til dæmis vísur, ljóð og þulur. Leikir með rím, takt og tóna og að leika sér með form og liti býr börn undir lestrarnám og ritmálið.⁹¹

Flest börn á lokaári í leikskóla geta skrifað nafnið sitt. Undanfari þess er að barnið fái að krotta og fága smám saman færni sína. Allt gerist þetta í gegnum skapandi starf, þroskamiðaða nálgun og leiki⁹² og þær aðferðir sem leikskólakennarinn hefur á valdi sínu í gegnum þekkingu sína í leikskólafræðum og faglega reynslu. Að framantöldu má draga þá ályktun að markviss málörvun í leikskóla, þróun máls og lesþroska barns ásamt samspili ritmáls og leiks er óneitanlega mikilvæg undirstaða fyrir nám í grunnskóla.

5.1 Leikurinn

Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að leikurinn sé hið eðlilega tjáningarform barna og ein mikilvægasta námsleið þeirra. Það er auðvelt að nálgast barn í gegnum leik því í leik eru börn opin og óþvinguð og þar mótast sköpunargáfu þeirra og hæfni til að finna frumlegar lausnir og koma fram með nýstárlegar hugmyndir. Börn eru afskaplega námsfús og forvitin og því fela leikir þeirra í sér nám og leitast þau við að takast á við verkefni sem reyna á færni þeirra og af því sprettur ný þekking.⁹³ Þess vegna er það mikilvægt á fyrstu árum barnsins að leikurinn sé í aðalhlutverki og sé nýttur sem það gagnlega námstæki sem hann er. Eins og fram kemur í *Aðalnámskrá leikskóla* er leikurinn kjarninn í öllu leikskólauppeldi, hann er bæði markmið og

90. Lög um leikskóla nr. 78/1994

91. *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:20-25

92. *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:19-29

93. *Aðalnámskrá leikskóla* 1999: 11-12

leið í uppeldisstarfinu. Börn læra um lestur og skrift í gegnum leik. Þegar börn leika sér nota þau tákni. Eins og til dæmis barn sem leikur sér með trékubb, kubburinn getur táknað hvað sem er; bíl, bolta o.s.frv. Rannsóknir gefa til kynna að sama ferli eigi sér stað við að nota tákni í leik og við lestur, þ.e. þróun hlutverkaleiks helst í hendur við þróun ritmáls. Þegar börn nota lestur og skrift í leikjum sínum, sjá þau tilgang þess og uppgötva hvernig ritmálið virkar. Þátttaka barna í hlutverkaleik eykur frásagnarhæfni þeirra og þau eru jafnframt að búa til sögu.⁹⁴

Rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl hlutverkaleiks og ritmálsþroska, að talað mál sem börn nota mikið í leik, sé mikilvægt fyrir lestrarhæfni.⁹⁵ Wolfgang og Sanders (1981) skoðuðu leikinn sem undirstöðu lestrarnáms og vöktu athygli á að notkun og upplifun tákna í leik væri undirstaða þess að geta notað og skilið tákni í lestri.⁹⁶ Þessi reynsla sem börnin afla sér í leik nýtist þeim í lestrarnámi, börnin hafa lært að hlutur hefur merkingu og hlutverk, eins og í rituðu máli. Leikir eru börnunum eðlilegir og glöð börn læra mest, hlutverkaleikir, orðaleikir og leikrit styðja við málþroskann og þá um leið læsi. Börn þurfa að upplifa lestur og ritun sem gagnlegt tæki til afþreyingar, samskipta og náms.

5.2 Að lesa fyrir börn

Vel valdar barnabækur gegna mikilvægu hlutverki í málörvun barna og fræðslu, sem og það að segja sögu frá eigin brjósti og fara með vísur, þulur og kvæði ásamt látbragðsleikjum, leikrænni tjáningu og spuna barnanna.⁹⁷ Það er líka mikilvægt að börnin hafi greiðan aðgang að barnabókum í leikskólanum og þær séu ekki „spari“ heldur eðlilegur hluti af umhverfi barnsins. Í rannsóknum á snemmlæsi kemur fram að á heimilum barna sem eru fljót að ná tökum á lestri er yfirleitt góður aðgangur að bókum, foreldrar lesa mikið fyrir börnin, svara áhuga þeirra á prentmálinu og lestri og ræða við þau um heima og geima, meðal annars um ritað mál⁹⁸ og þau læra að ýmsan fróðleik má sækja í bækur. Með því að lesa framhaldssögur eykst úthald barnanna, þau læra að leggja á minnið og hlakka til næsta lesturs.

94. Margrét Sigurðardóttir og Sigrún Birgisdóttir 1998:2

95. Sigrún Birgisdóttir og Margrét Sigurðardóttir 1996:27

96. Sigrún Birgisdóttir og Margrét Sigurðardóttir 1996:27

97. *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* 1993:54-56

98. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2005:18

Börnin hafa ánægju af formfestu við lesturinn, sami lesandi, stundin hefst á sömu orðum. Lestur getur auðveldað umræðu um erfið málefni, að opna umræðuna með frásögn þannig að allir komi jafnt að umræðunum.⁹⁹ Góðar bækur þroska tilfinningalíf barna og auðvelda þeim að setja sig í spor annarra og finna til samkenndar með öðru fólki í gleði og sorg. Siðgæðisvitund og réttlætiskennd þroskast um leið og börn lifa sig inn í líf söguhetjunnar og taka þátt í sigrum hennar og ósigrum í heimi sögunnar. Í bókinni finna börn fyrirmyndir að samskiptum við aðra, fá þar dæmi um hvað má og hvað ekki í þeim efnum.¹⁰⁰

Áður en byrjað er að lesa er gott að kynna efni bókarinnar og eftir hvern hún er. Þannig auka leikskólakennarar virðingu barnanna fyrir bókum og vekja athygli þeirra á að einhver hefur skrifað þessa bók. Við lestur bókarinnar er ekki síður mikilvægt að ræða efni hennar við börnin og útskýra ný orð. Að spyrja opinna spurninga og hvetja börnin til heimspekilegra umræðna. Með því að skipta börnunum upp í litla hópa geta leikskólakennarar betur fylgst með því að allir séu að hlusta og skilji það sem lesið er, en á þann hátt er verið að kenna virka hlustun en ekki óvirka.¹⁰¹ Þegar leikskólakennarinn lætur fingurinn fylgja eftir línunni á meðan hann les, þá geta börnin fylgst betur með hvar hann er staddur í textanum. Með þessu læra þau í hvaða átt á að lesa, frá vinstri til hægri og að það eigi að byrja efst á blaðsíðunni og lesa niður, einnig að sögur hafi upphaf, miðju og endi. Þetta er gott að gera vegna þess að börn læra á því sem þau fá að taka þátt í og það er mikilvægt að hjálpa þeim að verða virkir þátttakendur og tengjast sögunum í bókunum á ákveðinn hátt.¹⁰²

Á yngstu deildum leikskóla eru oftast einfaldar bækur t.d. harðspjaldabækur, bendibækur eða myndabækur með stuttum og einföldum texta. Eftir því sem börnin eldast þyngjast bækurnar og sögurnar verða flóknari, lengri og myndum fækkar. Einnig er það stórt atriði að allir séu vel upplagðir, bókin hæfi þroska og aldri barnanna og að þau hafi gaman að henni.¹⁰³ Þau verða einnig fljótt sólgín í að heyra stuttar sögur, vísur og þulur og njóta þess að heyra sömu hlutina endurtekna æ ofan í æ. Þau taka jafnvel þátt í frásögninni sjálf og eru fljót að taka eftir ef einhverju er sleppt í sögunni. Betri tækifæri gefast varla til að styrkja tilfinningabönd og trúnað á milli fullorðinna og barna en að lesa fyrir börnin eða segja þeim

99. DeVries og Zan 1994:167

100. Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir 1995:143

101. Signý Einarsdóttir 2001:27

102. Gottschall 1995:32-35

103. Kupetz 1997:26-27

sögur. Sjónvarp og útvarp geta ekki komið í staðinn fyrir þau tengsl sem þannig skapast.¹⁰⁴

Myndir hafa mikið gildi í bókum fyrir lítil börn og með því að skoða þær fær barnið beina og milliliðalaus leið að bókinni og túlkar sjálft það sem á myndinni er. Barnið skoðar aftur og aftur sömu myndirnar, bendir á og nefnir það sem vekur athygli þess, hermir eftir hljóðum dýranna, reynir að segja sögu þótt hún sé ef til vill aðeins eitt eða tvö orð. Þegar texti myndabókanna verður fyrirferðarmeiri þarf að gæta þess að gefa barninu nægan tíma til þess að skoða myndirnar og velja þeim fyrir sér þegar sagan er lesin.¹⁰⁵ Einnig þegar börnin byrja sjálf að lesa þá skipta myndirnar máli. Þau velja gjarnan bækur með mörgum myndum og stuttum texta. Þannig reynist þeim auðveldara að komast í gegnum bókina og ljúka henni. Bók án mynda er ekki líkleg til þess að freista byrjanda til þess að hefja sjálfstæðan lestur. Því er hlutverk þess sem myndskreytir bækur mjög mikilvægt, það er hann sem setur á svið og lýsir sögunni og ræður þannig miklu um áhrif hennar á lesandann.¹⁰⁶

Reynsla margra er sú að í skólanum hafi þeir kynnst þeirri tilfinningalegu upplifun sem lestur góðra bóka getur veitt.¹⁰⁷ Því skiptir miklu máli að aðgengi að bókum á leikskólum sé gott, því börn þurfa að umgangast bækur til að fá áhuga á þeim.¹⁰⁸

5.3 Lestrarhvetjandi umhverfi

Hjá barni vaknar fljótt áhugi á rituðu máli og síðar fyrir lestri og skrift. Í leikskóla ber að skapa umhverfi sem hvetur barn til þess að kanna leyndaróma ritaðs máls og vekur löngun þess til að læra að lesa og skrifa. Margskonar leikir og leikföng búa barn á eðlilegan hátt undir að læra lesa og skrifa eins og til dæmis:

- Ýmsar samtengingar, röðunar- og tölvuleikir skerpa formskyn barna og leikir með rím, tóna og takt auka hæfni þeirra til að greina hljóð.
- Gefa þarf börnum tækifæri til að handfjatla og skoða bækur, nota skriffæri og að lesa og skrifa í þykjustunni, en það hvetur þau til að læra að lesa og skrifa.

104. Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir 1995:144

105. Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir 1995:144

106. Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir 1995:145

107. Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir 1995:142

108. Ágústa Pálsdóttir 1998:16

- Gera á ritað mál áberandi í leikskóla, t.d. með því að skrifa nafn barns með prentstöfum við mynd þess, skrá frásögn þess og lesa hana síðan fyrir barnið. Barnið skilur þá betur að skrifaður texti er tákn fyrir talmál og geymir frásögnina. Það hvetur börnin til að læra að lesa.¹⁰⁹

Rannsóknir hafa sýnt að fylgni er á milli lestrarhvetjandi umhverfis og þess að börn verða læs og skrifandi snemma.¹¹⁰ Tölvustuðningur í slíku umhverfi hefur sýnt að börnin skrifa fleiri stafi á tölvuna en þegar þau skrifa á blað og þau geta skrifað texta áður en þau eru læs með því að herma.¹¹¹ Börn eru líklegri til að nota ritmálið í hlutverkaleikjum ef ritmálsörvandi leikmunir eru til staðar. Með því að setja lestrar og skrifarörvandi verkefni í leikstofu barnanna eins og t.d. pappír, ritföng og bækur er hægt að hvetja til ritmálshegðunar – leika með ritmálið.¹¹² Til dæmis með því að hjálpa börnum að skrifa á kort og bréf, skrifa nöfn annarra í fjölskyldunni og skrifa niður frásagnir barnanna.¹¹³ En til að leikur barna geti þróast og dafnað þarf að tryggja að þau hafi tíma, efnivið og rými til leikja.¹¹⁴ Börn læra nefnilega með því að upplifa sjálf og þróun læsis hefur verið skilgreind sem persónuleg reynsla barns af lestri og skrift í nánasta umhverfi sínu og þannig býr barnið til sinn eigin skilning á lestri.¹¹⁵ Með því að gera skráningu sýnilega börnunum er líklegt að það hvetji til læsis. Til dæmis með því að:

- Merkja hólf barnanna með nöfnunum þeirra og trúlega er ekki til sá leikskóli á Íslandi sem ekki framfylgir þessu ákvæði.
- Skrá frásagnir barnanna og lesa þær, þannig öðlast barnið smám saman skilning fyrir því að ritað mál er tákn fyrir frásögn sem má lesa.
- Börnin semja söngtexta og þeir eru sungnir með textum þekktari höfunda má ætla að það hvetji þau til frekari skáldskapar. Börn hafa gaman af að heyra eigin frásagnir og söngva og það gerir þau stolt að sjá, að verk sín hafi merkingu á rituðu máli.¹¹⁶

Hver kennari getur einnig fundið sína aðferð til skráningar til að deila með börnunum.

109. *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:21-22

110. Appelberg og Eriksson 1999:30

111. Appelberg og Eriksson 1999:30 og 60

112. Margrét Sigurðardóttir og Sigrún Birgisdóttir 1998:3

113. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2005:18

114. Margrét Sigurðardóttir og Sigrún Birgisdóttir 1998:3

115. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2005:18

116. Jones og Reynolds 1992:64

Kennari sem er góður teiknari getur notað þann hæfileika, sá sem er góður að sögumaður nýtir þá hæfni o.s.frv.¹¹⁷ Pappír, skæri, lím og ýmiss konar skriffæri ættu allstaðar að vera aðgengilegt börnunum í leikskólanum svo þau fái tækifæri til að fara í hermileiki og teikna myndir og skrifa stafi.¹¹⁸

Í vettvangsferðum með börnum er upplagt að vekja áhuga þeirra á ýmiskonar ritmáli sem fyrir augun ber eins og götuskilti, húsheiti og bílnúmer. Mörg börn byrja snemma að velta fyrir sér og spyrja út í merkingu ýmissa myndrænna tákna og nafna, þau sjá hina fullorðnu lesa ákveðna merkingu í þessi tákn og nöfn og spyrja gjarnan „hvað stendur þarna?“¹¹⁹ Það er öllum kappsmál að lestrarnám barna gangi vel og allt sem getur orðið til þess ber að nýta. Í leikskóla felst þessi hvatning fyrst og fremst í að kennarar ástundi góða almenna málörvun og lesi mikið fyrir börn.¹²⁰

5.4 Hlutverk leikskólakennara

Það er ögrun fyrir leikskólakennarann að greina uppeldisaðferðir sínar og sýn á barnið með gagnrýninni hugsun og gera sér þannig grein fyrir eigin gildismati og viðhorfum sem hann miðlar til barnanna í samskiptum við þau. Hann þarf að leggja grunn að sjálfstæði, sjálfsvirðingu og virðingu barna fyrir öðrum, einnig skapandi og gagnrýninni hugsun. Ef hann gerir það vinnur hann í samræmi við markmiðsgreinar laga um leikskóla. Með gagnrýninni skoðun á eigin starfsaðferðum í samstarfi við aðra leikskólakennara, eykst fagvitund leikskólakennarans, hann verður hæfari og ávinningurinn er barnanna.¹²¹

Væntingar samfélagsins til starfs leikskólakennarans eru stöðugt að breytast með breyttu gildismati í þjóðfélaginu og nýjum kröfum til uppeldis- og menntunarhlutverks leikskólans.¹²² Í dag þurfa leikskólakennarar að kunna skil á þeim undirstöðuaðferðum í lestrar- og skriftarkennslu sem viðurkenndar eru í grunnskólum landsins.¹²³ Kennarar í

117. Jones og Reynolds 1992:57-65

118. Jones og Reynolds 1992:8

119. Bloom og fl 1988:33-37

120. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2005:18

121. Félag íslenskra leikskólakennara [2000: án bls.]

122. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2005:18

123. *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* 1993:56

leikskólum eru í mjög góðri aðstöðu til að stuðla að því að lestrarnám barna gangi vel.¹²⁴ Það sem leikskólakennarar gera með börnum löngu áður en þau geta lesið sjálf hefur mikil áhrif á lestrarhæfni þeirra.¹²⁵ Hlutverk leikskólakennara, að hvetja til heimspekilegra umræðna, þar sem börn þurfa síðar að hugsa og rökstyðja mál sitt, hlusta og virða sjónarmið annarra, skiptir miklu máli. Það er á höndum leikskólakennara hvernig þeir byggja upp gott málumhverfi í leikskólunum. Miklu máli skiptir að borin sé virðing fyrir börnunum og talað sé við þau á jafningjagrunni. Allar athafnir daglegs lífs í leikskólanum er hægt að nýta til málörvunar t.d. í leikfimi, útiveru og gönguferðir, en þá eru börnin oft mjög spurul og námsfús og næm á það sem fyrir augu ber. Því má heldur ekki gleyma að leikskólakennarar eru sú mállega fyrirmynd sem börnin fá og verða að líta í eigin barm og hugleiða hvernig þeir eru í samskiptum við börn, foreldra og starfsfólk.¹²⁶

Leikskólakennarinn þarf að koma að leik barnanna af virðingu og grípa á hvetjandi inn í leikinn en varast vinnubrögð sem draga úr virkni barnanna sjálfra. Í leiknum lærir barnið að þekkja sjálft sig, umhverfið og aðstæður í daglegu lífi. Á þeim grunni getur leikskólakennarinn komið inn og kennt orð um hluti og athafnir. Barnið fær útrás fyrir athafnaþrá sína, skoðar, rannsakar og endurtekur sömu athafnir. Tilburðir barnsins til einfaldra boðskipta koma snemma í ljós. Leikurinn býður upp á ótal möguleika til málnotkunar, ný orð og hugtök lærast og barnið tjáir hugsanir sínar og orð í samskiptum við önnur börn. Rannsóknir á leikjum ungra barna benda til þess að þykjustu- og hlutverkaleikir séu þeir leikir sem hafi mest áhrif á boðskiptahæfni og málþroska barna.¹²⁷

Með því að leika, lesa, skrifa, ræða saman, hlusta og kenna börnum vísur og rím, vinna leikskólakennarar ekki einungis að undirbúningi lestrarnáms barna heldur auka þeir lífsgæði barnanna á leikskólaaldrinum. Með virðingu fyrir börnunum gera leikskólakennarar þeim kleift að njóta leikskólagöngunnar svo hún geti verið grunnur náms og starfs.¹²⁸

124. Félag íslenskra leikskólakennara [2000: án bls.]

125. Sigrún Birgisdóttir og Margrét Sigurðardóttir 1996:27

126. Signý Einarsdóttir 2001:28

127. Signý Einarsdóttir 2001:27

128. Signý Einarsdóttir 2001:28

6. Könnun

Lestrarnám er nýmæli í íslenskum leikskólum en þróunarstarf byrjaði fyrir áratug með ritmálsörvun. Fyrir nokkrum árum mátti ekki minnst á lestrarnám í leikskólum en þetta er að breytast. Æ fleiri leikskólar setja markvissa málörvun og örvun ritmáls inn í skólanámskrár sínar.¹²⁹ Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir það sína skoðun að grunnskólastigið skuli ekki færa neðar, fimm ára börn eigi heima í leikskólanum. Ef til þess kæmi að námsefnið yrði fært frá grunnskóla til leikskóla skyldi það gert á forsendum leikskólans.¹³⁰ Til að leita svara við spurningunni okkar um hvernig læsi þróast hjá börnum á leikskólaaldri, byrjuðum við á að kynna okkur ýmis fræði um námsleiðir ungra barna og kynntum okkur þrjár mismunandi aðferðir við lestrarkennslu barna á leikskólaaldri. Það gerðum við með því að skoða þrjá leikskóla sem nota ólíkar aðferðir við lestrarnám og kynntum okkur hvaða árangri þær aðferðir skila. Leikskólarnir eru staðsettir á Akureyri og í Reykjanesbæ og í opinberri stefnu þeirra í skólamálum kemur fram að:

Lestrarmenningu í Reykjanesbæ er gert hátt undir höfði og var sett á laggirnar þriggja ára þróunarverkefni sem á að ljúka í júní 2006. Tilgangur þessa verkefnis er að efla lestrarfærni og málskilning barna í bæjarfélaginu. Yfirvöld bæjarins eru meðvituð um að bóklestur er í harðri samkeppni við afþreyingarmiðla, sem keppa um tíma almennings, þannig að börn skortir fyrirmyndir hvað lestrarvenjur og lestrarlöngun varðar. Markmiðið er lestrarmenning þar sem fullorðnir eru hvetjandi, þannig að mál- og lesþroski barna aukist, allt frá fæðingu þar til að þau yfirgefa grunnskóla. Lítið er á markmið, viðmið og væntingar í ljósi þess að lestur og ritun eru grunnverkfæri hvers barns til að tileinka sér nýja þekkingu og koma orðum að tilfinningum, reynslu og skoðunum. Nauðsynlegt er að barnið nái lestrartækni svo fljótt sem mögulegt er og að kennslan byggji á nýjustu rannsóknum innan náms- og kennslufræði.¹³¹

Aftur á móti kemur lítið sem ekkert fram í skólastefnu Akureyrarbæjar um lestrarnám barna en þar er talið að með metnaðarfullu skólasterfi, fái börn notið bestu menntunnar og þau mótist sem ánægðir, ábyrgir og virkir þjóðfélagsþegnar. Með skólastefnu sinni áréttar Akureyrarbær að innra starf hvers skóla taki mið af þörfum hvers einstaklings og allir fái að

129. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2005:18

130. Guðlaug Guðmundsdóttir 2005:5-6

131. Reykjanesbær 2006

læra á eigin forsendum. Skólarnir leggja ríka áherslu á jafnan rétt til náms, að hver nemandi öðlist alhliða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Námið er byggt þannig upp að hver einstaklingur fær tækifæri til að uppgötva, afhjúpa og efla sköpunarmátt sinn svo í ljós komi sá fjársjóður sem falinn er innra með hverjum einstakling. Skólar Akureyrarbæjar leggja áherslu á heildarþroska einstaklings og markmiðið er nám til að verða betri manneskja.¹³² Með þetta að leiðarljósi skoðuðum við leikskóla og tókum viðtöl við yfirmenn þeirra.

6.1 Aðferðafræði

Við völdum þrjá leikskóla sem beita mismunandi aðferðum í lestrarnámi og ræddum við tvo leikskólastjóra og einn aðstoðarleikskólastjóra. Viðmælendur voru valdir út frá áhuga og þekkingu á lestrarnámi barna, sem þeir nýta sér í starfi.

Aðferðin sem við töldum besta til að leita svara við spurningu okkar um hvernig læsi þróast læsi hjá börnum á leikskólaaldri?, er eigindleg könnun sem byggir á viðtölum og vettvangsathugunum þar sem fylgst er með atferli og snýst um það að auka skilning okkar á heiminum út frá viðfangsefnum. Hlusta á raddir viðmælenda og leyfa röddunum að endurspeglu könnunina. Í eigindlegri könnun á að skoða upplýsingar út frá viðfangsefninu með tilliti til hugmynda, hugtaka og orða viðmælenda. Rannsakendur þurfa að greina könnunina með tilliti til viðmælenda og bakgrunns hvers og eins.¹³³

Mannleg forvitni um líf fólks og frásagnir þeirra eru mikilvægar og teljum við mikilvægt að fá sem flest sjónarhorn á viðfangsefnið til að fá heildarsýn á það og sem marktækasta niðurstöðu. Það sem eigindlegar rannsóknaraðferðir gefa okkur er að við hlustum á frásagnir viðmælenda, þannig skiljum við betur hvernig þeir hugsa og tilfinningar þeirra. Einnig skynjum við betur hvernig viðmælendur upplifa það sem skoða á hverju sinni, með því verður tilgangur könnunarinnar dýpri og áþreifanlegri.¹³⁴ Hálfopin viðtöl henta vel til að athuga reynslu, skynjun og fyrirætlanir fólks sem gefur rannsakendum og viðmælendum sveigjanleika. Kosturinn við slík viðtöl hefur verið talinn sá að gefa viðmælendum möguleika

132. Skólastefna Akureyrarbæjar 2006:6-8

133. Hall og Hall 2004:150

134. Hall og Hall 2004:150-151

á að koma með nýja sýn eða víkka út sjónarhorn umræðuefnisins. Viðmælendur geta fremur haft áhrif á framgang viðtalsins en ef um staðlaðan spurningalista með opnum svarmöguleikum væri að ræða. Í hálf opnum viðtölum er gjarnan stuðst við viðtalsramma og viðtalsformið gefur færi á að fara fram og til baka innan rammans.¹³⁵ Helstu kostir viðtala almennt er að margir eiga auðveldara með að svara spurningum sem lagðar eru fram munnlega. Við höfundar teljum að almennt sé hægt að koma í veg fyrir misskilning og spyrja nánar til að fá frekari útskýringar og fylgjast með viðbrögðum þess sem svarar.

6.2 Fyrirkomulag

Til að fá dýpri sýn á viðtölin kynntum við höfundar okkur skrifleg gögn um leikskólana svo sem námskrá þeirra og *Aðalnámskrá leikskóla* ásamt því að við fara í vettvangskönnun í leikskólana. Með þessum aðferðum teljum við okkur geta varpað enn betra ljósi á viðfangsefni könnunarinnar og það gefi viðtölunum aukið vægi.

Yfirmenn leikskólana þriggja sem tóku þátt í viðtölunum fengu boð í viðtölin símleiðis og þeim kynnt efni viðtalsins. Þetta voru einstaklingsviðtöl sem fóru fram á skrifstofum leikskólastjóranna. Hvert þeirra tók u.þ.b. 35-50 mínútur, samanlagt tóku þau um 2 klukkustundir. Við gengum út frá ákveðnum viðtalsramma og studdumst við spurningarlista sem byggði á þeim atriðum sem okkur fannst mikilvægt að fá upplýsingar um. Viðmælendur okkar höfðu kost á að lesa spurningarlistann yfir í upphafi hvers viðtals. Viðtölin voru tekin upp á segulband og afrituð. Til að halda trúnaði við leikskólana notum við ekki rétt nöfn og gefum ekki upp um hvaða leikskóla er að ræða þegar við vitnum í námskrár þeirra.

135. Hitchcock og Hughes 1995:157-160

6.3 Leikskóli X

Samkvæmt skólanámskrá leikskólans eru megináherslur í starfi hans markviss lestrarkennsla fyrir 2-6 ára börn, að byggja upp og styrkja jákvæða sjálfsmynd þeirra og að vinna með tákni með tali. Í öllum námsþáttum er haft að leiðarljósi að leikurinn og reynsla barnsins er námsleiðin. Hugmyndafræðin sem leikskólinn vinnur eftir er sótt til Vygotsky sem segir að allar athafnir sem barn upplifir í félagslegu samhengi verði að innri reynslu og kunnáttu og Dewey sem lagði höfuð áherslu á að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess.

Við tókum viðtal við Guðrúnu leikskólastjóra á leikskóla X. Hún er um fimmtugt og útskrifaðist úr Fósturskóla Íslands 1977 og tók síðan 20 eininga nám við Háskólann á Akureyri til að fá fullgilt B.Ed. próf sem var í boði fyrir leikskólakennara frá Fóstruskólanum. Árið 2004 fékk hún 9 mánaða námsleyfi og fór í framhaldsnám við Kennaraháskóla Íslands á námsbraut sem heitir nám og kennsla ungra barna. Guðrún er að klára þann áfanga núna. Hún tók t.d. námskeið um læsi ungra barna og annað um málþroska sem nýtist vel í starfi og er góð viðbót við það starf sem fyrir er. Leikskólinn hennar er þriggja deilda með 59 heilds dags rýmum og ein megináhersla leikskólans er að starfa í lestrarhvetjandi umhverfi og vera með markvissa lestrarkennslu 2.-6. ára barna.

Það sem kveikti áhuga hennar í upphafi á lestrarnámi í leikskóla, var leikskólakennaranemi sem var í vettvangsnámi í leikskólanum hjá þeim og var að vinna að lokaritgerð sinni um lestrarnám í leikskóla. Guðrúnu fannst efnið svo áhugavert að ákveðið var að innleiða þessa hugmynd í leikskólann. Einnig að umhverfið og samfélagið er þannig í dag að lestrarfærni er mikilvæg og lestrarnámið er gott start út í lífið, næmiskeiðið er á leikskólaaldrinum og því ekki að nýta það. Lestrarkennsla var lögð inn sem þróunarverkefni í tvö ár frá 2000-2002 til að undirbúa og þjálfa kennara, byggja upp lestrarhvetjandi umhverfi og koma upp gagnasafni. Í upphafi gerðu leikskólakennarar heilmikið af heimagerðum spilum t.d. samfelluspil og stafabingó. Börnin eru mjög hrifinn af þessum spilum og velja stafabingóið fram yfir önnur spil. Aðferðir við lestrarkennsluna eru LTG (lestur á talmálsgrunni) sem er vinnuaðferð byggð á talmáli, þ.e. það sem við segjum getum við skrifað og lesið, þar sem allt umhverfið er þannig uppbyggt að börnin hafa ritmálið allt í kringum sig. Lestrarnámið fer allt fram í gegnum leikinn og börnin ráða ferðinni. Leikskólakennararnir

setja ekki fyrir verkefni heldur er margt í boði. Í gegnum leik og reynslu er hægt að vinna að öllum námsþáttum. Guðrún telur að lestrarnámið komi inn á öll námssviðin eins og tónlist, myndlist ef allir eru meðvitaðir um lestrarhvetjandi umhverfi og að ritmálið er allt í kringum okkur. Yngstu börnin í leikskólanum fá mikla málörvun og stutt er við málþroskann, leikið með form og liti. Með elstu börnunum í leikskólanum er unnið í sérstökum vinnustundum tvisvar í viku. Í þessum stundum er markviss innlögn á bókstöfunum, verkefni og leikir sem leggja áherslu á þá færniþætti sem börnin þurfa að búa yfir til að læra að lesa. Vinnustundirnar eru skipulagðar á sama máta og í grunnskóla þar sem börnin sitja við borð og stól og læra að skrifa stafina. Guðrún vill hætta með þessa beinu innlögn og styðjast frekar við lestrarkennsluaðferð LTG aðferðina sem er vinnuaðferð byggð á talmáli. Markmiðið er að í lok leikskólavalar hafi börnin lært að lesa þriggja stafa orð og lært að skrifa nafnið sitt.

Hugmyndafræði leikskólans er eins og áður hefur komið fram byggð á kenningum Dewey, börnin læra af reynslu sinni með því að framkvæma og námið kemur í gegnum allt sem þau gera og áhuga þeirra á því að uppgötva. Áhugi barnanna er nýttur með því að búa til umhverfi með fullt af áhugaverðum áreitum til að höfða til sem flestra. Þær upplýsingar sem börnin geta nýtt sér eru hafðar í þeirra augnhæð. Notuð eru spil og leikir sem stuðla að hljóðgreiningu en sú færni er mikilvæg þegar kemur að því að læra að lesa. Bókstafirnir eru mjög sýnilegir á veggjum og allt er merkt með heiti viðkomandi hlutar. Nöfn barnanna eru sett upp í mengi þar sem öll börn sem eiga t.d. stafinn A fara í eitt mengi og svo koll af kolli. Þannig telja þær að börnin fari að tengja að stafirnir standi fyrir einhverju. Börnunum er kennd lesáttin með því að kennarinn lætur fingur fylgja línu þegar lesið er. Mikil áhersla á hlustun og hljóðgreiningu.

Þegar börnin mæta í leikskólann er strax farið að huga að lestrarnáminu því í forstofunni er nafn þeirra og mynd á spjaldi sem þau snúa þegar þau mæta. Þegar þau eru í leikskólanum snýr ljósmyndin fram með nafninu þeirra og þegar þau fara hvolf þau myndinni og þá er einungis nafnið þeirra sýnilegt. Ef börn eru af einhverjum ástæðum með slakan orðaforða t.d. vegna tvítýngis eru þau sett í sérstakan málörvunarhóp sem er á ábyrgð sérkennslufulltrúa. Einnig nota þær Hljóm-2 sem byggir á orðagreiningu, atkvæðum, rími og fl. Umsjónarmaður hvers barnahóps leggur prófið fyrir sinn hóp og vinnur úr því, ef barn kemur illa út úr prófinu fer það í málörvunarhópinn. Allar upplýsingar um börnin verða að vera hlutlægar ekki huglægar, sem sé á rituðu máli og eftir fyrirfram gerðum stuðlum. Niðurstöður prófsins fylgja barninu upp í grunnskólann.

Frá árinu 2000-2005 hafa mælst miklar framfarir hjá börnunum og æ fleiri börn þekkja nánast alla stafina í lok leikskólagöngu sinnar. Athugað er hvort þau geti skrifað þriggja stafa orð. Börn sem eru búin að vera í leikskólanum frá tveggja ára aldri komu best út. Niðurstöður sýna að með markvissum aðferðum geta a.m.k. $\frac{3}{4}$ barnanna skrifað og lesið þriggja stafa orð áður en þau fara upp í grunnskóla og gefa hinum börnunum góðan grunn undir lestrarfærni. Guðrún telur að með þessum árangri sé ljóst að börn nái lesþroska fyrr en áður hefur verið talið. Leikskólinn hefur unnið þróunarverkefni um lestrarnám barna sem gefur leikskólanum sérstöðu í sínu bæjarfélagi. Guðrún telur að það þurfi auknar fjárveitingar til að hægt sé að vinna að þróunarverkefnum og telur það grunninn að þróun geti átt sér stað innan leikskóla. Að leikskólar þurfi að vera með þróunarverkefni í gangi annars fari tíminn meira í daglega rútinu. Þá gefast tækifæri til undirbúnings og lesa fræði. Kennarar leikskólans gáfu sér sex mánuði til að afla sér þekkingar áður en lagt var af stað með verkefnið fyrir börnin. Guðrún hefur síðan miðlað þeirri þekkingu sem hún hefur öðlast í sínu námi til starfsfólks síns en önnur námskeið hafa kennarar ekki fengið síðan árið 2000. Hún telur að leikskólakennarar vaxi og þroskist í starfi þar sem þróunarverkefni eru í gangi.

6.4 Leikskóli Y

Í skólanámskrá leikskólans segir að undirstaðan í starfi leikskólans byggist á vellíðan barnsins og að það eigi gleðiríkar stundir. Í leikskólanum er lögð áhersla á að sýna barninu ástúð hlýju og virða tilfinningar þess. Leikurinn er undirstaða námsviða leikskólans og í gegnum hann læra þau, þroskast og þjálfa hæfileika sína. Skipulag og búnaður leikskólans á að örva leik barna, fumkvæði og virkni. Áhersla er lögð á vettvangsferðir um bæjarfélagið til að börnin læri að þekkja og virða nánasta umhverfi sitt. Einnig er lögð áhersla á nám í gegnum kubba í mörgum stærðum. Það gefur börnunum tækifæri á að upplifa og skapa.

Í leikskóla Y tókum við viðtal við Kristínu leikskólastjóra sem er um fimmtugt og útskrifaðist úr Fósturskóla Íslands árið 1991. Í október síðastliðinn útskrifaðist hún síðan með Diplóma frá Kennaraháskóla Íslands í stjórnun uppeldis- og menntastofnana. Í lokaverkefni hennar í því námi rannsakaði Kristín lestrar- og skrifarhvetjandi umhverfi í leikskóla, vegna áhuga hennar á lestrarnámi leikskólabarna. Það sem í upphafi kveikti áhuga Kristínar á lestrarnámi í leikskóla var umræða í þjóðfélaginu um að færa fimm ára börn í leikskóla upp í grunnskóla. Einnig sá hún að elstu börnin í leikskólanum þurftu að fá meira ögrandi verkefni

og í framhaldi af því hafði Kristín samband við Lestrarskóla Helgu Sigurjónsdóttur og hún fór á námskeið hjá henni í lestrarkennslu. Hjólin héldu áfram að snúast og Helga kom síðan í framhaldi af því í leikskólann og hélt tíu vikna lestrarnámskeið fyrir elstu börn leikskólans sem leikskólinn hefur haldið áfram með námskeiðið og þróað það og aðlagð síðastliðna þrjá vetur. Þær hafa brotið aðferðir Helgu upp, gert þær barnmiðaðri, m.a. láta börnin ekki sitja meira en 15 mínútur á stólum við borð í einu á námskeiðunum.

Leikskólinn gefur sig út fyrir að kenna lestur. Ein af megin áherslum leikskólastarfsins er að skapa lestrar- og skriftarhvetjandi umhverfi. Lögð er áhersla á að nýta umhverfið svo nemendur geti yfirfært þekkinguna sína fyrir lestur og ritun. Kristín segir mikilvægt að bjóða börnunum upp á daglegar lestrarstundir, málörvun og frjálsan aðgang að bókasafni leikskólans. Með sýnilegu ritmáli er vakinn áhugi og forvitni nemenda fyrir ritun sem eflir jákvætt og hvetjandi viðhorf til lestrar. Leiðin sem leikskólinn hefur valið sér við lestrarkennslu er að blanda saman nokkrum kennsluaðferðum, þjálfun hljóðkerfisvitundar með því að kenna börnunum hljóð stafanna. Strax á yngstu deildinni er tveggja ára nemendum kenndur fyrsti stafurinn í nafninu sínu, þrjú ára læra þau heiti stafanna og fjögurra ára hljóð þeirra. Fimm ára nemendur fara á lestrar- og skriftarnámskeið fjórum sinnum í viku síðustu önnina á leikskóladvölinni. Um er að ræða einstaklingsmiðað nám þar sem tveir til þrjú kennarar eru í kennslustund sem er um það bil 30 mínútur að lengd. Hver kennslustund er nokkurn veginn með sama sniði sem börnin læra þegar líður á námskeiðið. Hver nemandi fær möppu með lestrarhefti, ritföngum og umslögum sem hann safnar í sér- og samhljóðum. Nemendur fara með námsgögnin sín heim sem er líður í að þjálfu þau fyrir næsta skólastig og koma aftur með gögnin. Þau mega læra heima ef þau vilja sjálf. Lestrar- og ritmálkennslan fléttast inn í allt leikskólastarfið innan sem utan leikskólans.

Hugmyndafræðin bak við lestrarkennslu leikskólans byggir á fjölgreindarkenningu Gardners, að flétta lestrarnám inn í öll námssvið leikskólans og kennsluaðferðum Helgu Sigurjónsdóttur. Leikskólinn er að fara að gefa út bók sem tengir saman lestrarnám í gegnum fjölgreindakenninguna. Helga leggur mikla áherslu á þrjú þætti sem eru gagnsemi samræðna, upplestrar og gott aðgengi fyrir börn að ritföngum. Helga telur einnig að það sé skaðlaust að kenna markvissa málörvun eins og rím en bendir á síðari tíma rannsóknir sem hafa sýnt fram á að það hjálpi barni ekki að læra að lesa. Einnig varar Helga við því að þröngva barni til lestrarnáms og að kenna barni heiti stafanna án þess að kenna því hljóð þeirra. Ráðleggingar Helgu hefur leikskólinn nýtt sér í lestrar- og skriftarnámi.

Lestrarnámið fléttast inn í öll námsvið leikskólans og leggur leikskólinn sérstaka áherslu á að allt nám geti farið fram jafnt innan veggja leikskólans og í vettvangsferðum um nánasta umhverfi hans. Einnig gegnir leikurinn mikilvægu hlutverki í lestrarnámi, hann vekur áhuga barnanna og hvetur þau til lestrar og skriftarnáms.

Námið í leikskólanum er einstaklingsmiðað og reglulega eru gerðar kannanir á þroska nemenda til að meta stöðu þeirra. Atferlisathuganir eru teknar og snemmtæk íhlutun er í sambandi við allan þroska. Hljóm-2 er notað til að kanna hljóðkerfisvitund fimm ára barna, ef börnin sýna slakan árangur á prófinu eru þau send í TOLD próf málþroskapróf til að greina betur ástæðu slaks árangurs. Eftir lestrarnámskeiðið hafa öll börnin komið með fullt hús stiga út úr Hljóm-2, einnig þau sem komu slök út úr Hljóm-2 fyrir námskeiðið. Segir hún að það hafi komið á óvart hve góður árangur hefur náðst á námskeiðunum. Segir hún að öll börnin séu orðin læs þegar þau koma í fyrsta bekk.

Höfundar ritgerðarinnar fengu að vera viðstaddir einn tíma á lestrarnámskeiði fimm ára barna á leikskólanum. Þar sáum við þegar börnin voru beðin um að skrifa nokkra stafi í röð eftir hljóðum þeirra og lesa síðan sem heilt orð. Þetta vaðist ekki fyrir börnunum. Börnin voru einnig með bækur sem innihéldu þriggja- til fjögurra orða texta og þau lásu þá án vandkvæða. Dæmi um texta eins og Ása sá sól og Óli á lás.

Markmið leikskólans með lestrarnáminu er að sögn Kristínar, að draga úr sérkennslu og stuðningi í grunnskóla vegna lestrarörðuleika. Að leikskólinn axli líka ábyrgð í lestrarnámi barnanna en kasti henni ekki allri yfir til grunnskólans.

6.5 Leikskóli Z

Einkunnarorð leikskólans eru hreyfing, næring, listsköpun og leikur. Einnig er málörvun eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið og málörvunin er ekki greind frá öðrum uppeldisþáttum heldur fléttast inn í alla þætti starfsins s.s. vinnustundir, matmálstíma, val útiveru og í heimakrök. Barnið er örvað til frásagnar með opnum spurningum, söng, sagðar sögur, farið með þulur og ljóð. Unnið er með hugtök eins og bókstafi, tölustafi, lítinn og stórann staf, löng og stutt orð, lestrarátt og setningar og er þetta þáttur í að vekja áhuga barnsins og undirbúa það fyrir lestrarnám. Unnið er markvisst með hreyfipjálfun sem hefur einnig áhrif á málþroska og málskilning barna og þar með eykst félagsfærni og leikgleði.

Í leikskóla Z var fyrir svörum aðstoðarleikskólastjórinn, Jóna sem útskrifaðist af leikskólabraut KHÍ árið 1997 og hún lauk einnig diplómanámi í sérkennslufræðum frá sama

skóla síðastliðið ár. Jóna er mikil áhugamanneskja um lestrarnám barna og í framhaldsnámi sínu skrifaði hún lokaritgerð um lestrarnám barna í leikskóla og tók valáfanga um lestrarnám í framhaldsnáminu. Hún hefur einnig farið á lestrarnámskeið hjá Helgu Sigurjónsdóttur. Að sögn Jónu leggur leikskólinn mikla áherslu á málörvun og lestrarhvetjandi umhverfi. Leikskólinn hefur þróað sínar eigin aðferðir í lestrarkennslu barna en styðst einnig við aðferðir Helgu Sigurjónsdóttur og sögugerð. Í vetur er bæði unnið með beina stafainnlögn og sögugerð en næsta vetur kemur vel til greina að vera eingöngu með sögugerð, þar sem sú aðferð hefur sýnt góðan árangur og hluti barnanna orðinn læs með þessari aðferð. Leikskólinn er nú að kaupa sérstaklega myndir til sögugerðar, með þeim geta börnin raðað þeim upp og búið til sína eigin sögur og vísir og þrói söguferlið áfram, úr einföldum sögum í flóknari og lengri sögur eftir því sem börnin fá meiri orðaforða. Jóna telur að orðaforði og málskilningur hjá börnunum skipti höfðuð máli þegar þau byrja að læra að lesa.

Daglega er lögð áhersla á að lesa fyrir börnin, mikið er lesið fyrir yngstubörnin, orð og nöfn þeirra klöppuð. Með þessu þjálfast þau í hlustun og hljóðkerfisvitund þeirra eflist. Málörvun er líka mikilvægur þáttur í leik barnanna og yngstu börnin fara í könnunarleik þar sem ýmis hugtök eru sérstaklega tekin fyrir, eins og undir, ofan á, framan og aftan við. Jóna telur að hlustun sé mjög mikilvægur þáttur í lestrarnámi. Jóna segir líka að leikskólakennarar séu orðnir mikið meðvitaðri nú en fyrir nokkrum árum á mikilvægi þess að byrja að vinna í lestrarnámi barnanna þegar þau hefja leikskólagöngu, sem er mjög mikilvægt fyrir börnin. Eftir því sem börnin eldast eru meiri kröfur gerðar til þeirra, farið meira í rím, og stafainnlögn. Ein aðferð sem þær nota er að skrifa stafinn á töflu t.d. s og skrifa svo aðra stafi fyrir framan eins og í og á og tengja í s, þannig læri þau að tengi og skilji hljóð stafanna. Lestrarkennslu leikskólans hafa þær útfært og þróað, leggja áherslu á að hafa þetta einfalt fyrir börnin en styðjast við hugmyndir Helgu Sigurjónsdóttur. Mikil áhersla er lögð á lestrarvænt umhverfi, ritmál er sýnilegt og allt er merkt eins og stóll er merktur með stöfunum Stóll.

Sérstaða leikskólans í lestrarnáminu að mati Jónu er að í hverjum mánuði er gerð áætlun fyrir hvern aldur um málörvun og lestrarnám í gegnum leiki, tónlisti, sögur, hreyfingu og önnur verkefni. Leikskólinn er þriggja deilda og með þessari áætlun er samræmt fyrir hvern aldur hvað er gert í hverjum mánuði í málörvun og lestrarnámi. Börnin fara tvisvar í viku í vinnustundir. Dæmi um verkefni mánaðarins hjá yngstu börnum er að læra hugtök í gegnum könnunarleik en hjá elstu börnum er unnið ýtarlega með söguna um Hlyn Kóngsson þar sem persónur, hlutir og orð eru tekin fyrir og útskýrð. Börnin fara einnig tvisvar í viku í

skipulagðar hreyfistundir í sal, þar sem unnið er eftir fyrirfram skipulögðu plani í hverjum tíma. Dæmi um málörvunar og lestrarnámsverkefni í hreyfistundum er stafadans þar sem ákveðnum stöfum er dreift á gólfíð og börnin dansa um. Þegar tónlistin stoppar eiga þau að ná í ákveðinn staf og stafahlaup þar sem stafir eru límdir á veggina, kennarinn nefnir staf og allir eiga að hlaupa þangað. Í hreyfistundum þjálfast börnin líka í hlustun.

Það sem vakti áhuga þeirra að sögn Jónu að nota þessa aðferðir og þá einkum söguaðferðina var eftir að hún fór í áfanga í lestrarkennslu hjá Hrafnhildi Ragnarsdóttur í framhaldsnámi sínu. Jóna segir að það séu til margar rannsóknir á söguaðferðinni sem sýna fram á hve vel hún virkar. Síðan er Jóna líka búin að prófa aðferðina sjálf með sama árangri.

Jóna telur að leikskólakennarar geti eflt hljóðkerfisvitund barna t.d. með því að fara út og hlusta á hljóðin í umhverfinu, hvaða hljóð heyrum við? Með þessu eflist börnin í hlustun. Það sé mikilvægt að grípa tækifærin þegar þau gefast yfir daginn eins og þegar einhver orð eru í umræðunni og spyrja börnin, við hvað rímar það? Lögð er áhersla á að flétta lestarnámið og málörvunina inn í alla þætti leikskólastarfsins, sama hvort um er að ræða leik, vinnustundir eða listsköpun.

Í leikskólanum eru próf í Hljóm-2 tekin að hausti og börnum er síðan raðað í hópa eftir því í hvaða þáttum þau eru slök. Til dæmis ef hópur barna er slakur í rími þá eru þau tekin sérstaklega í að ríma til að þjálfast sig. Annar hópur er e.t.v. slakur í samsettum orðum og þá er unnið í því með þeim. Jóna segir að þau noti Hljóm-2 meðal annar sem hjálpartæki til að flokka börnin niður eftir einstökum þáttum og það eru öll að skila mjög góðum árangri sem sést í síðara Hljómprófinu sem var tekið nú í febrúar. Námið er einstaklingsmiðað og það er misjafnt hvernig stuðning börnin þurfa, sum eru að verða læs eða orðin læs á meðan önnur eru verr stödd og geta ekki skrifað nafnið sitt (það barn kom inn í leikskólann í haust af öðrum leikskóla). Þau börn tek ég stundum til mín með sérkennslubörnunum til að efla þau, því þau þurfa meiri stuðning segir Jóna. Ef eitthvað barn kemur mjög slakt út úr Hljóm-2 er Jóna með réttindi til að taka TOLD próf (málþroskapróf), sem er gert ef ástæða þykir til. Einnig er Jóna með sérstakt próf sem er ætlað að meta hljóðkerfisvitund á fyrstu stigum lestrarþróunar, þ.e. í hversu miklu mæli nemendur geta unnið með einstök hljóð og hljóðgreiningar innan ákveðinna orða. Prófið sem hún notar er hugsað fyrir börn í fyrsta bekk. Ef börnin koma illa út úr prófunum er leitað eftir aðstoð sérfræðinga t.d. er rætt við sálfræðing, börnin send í þroskamat eða til talmeinafræðings.

Í lok leikskólagöngu er markmiðið að börnin kunni að skrifa nafnið sitt, geti unnið í hóp og þekki nánasta umhverfi sitt áður en leikskólagöngu líkur, allt annað er bara plús, gott ef þau kunna há- og lágstafi. Jóna telur mikilvægt að börnin séu almennt vel undirbúin fyrir grunnskólagöngu sína.

7. Umræður

Ástæða þess að við förum að leita svara við spurningu okkar um hvernig læsi þróast hjá börnum á leikskólaaldri var sú að í þjóðfélaginu heyrast raddir um það að lestrarnám barna byrji ekki fyrr en þau hefja sína grunnskólagöngu og því erum við höfundar algjörlega ósammála. Við teljum að sum börn sýni lestri fyrr áhuga en önnur og því sé það í verkahring okkar hinna fullorðnu að sinna þeim áhuga og styðja undir hann burt séð frá því á hvaða aldri börnin eru og að það sé engin einhlít regla um það hvenær eigi að byrja að kenna börnum að lesa. Fram hefur komið að allir leikskólar eiga að starfa samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* og hugmyndafræðin á bak við hana er opið og fjölbreytt námsumhverfi og á að gefa öllum börnum tækifæri til að þau fái notið sín sem best. Þarfir hvers og eins mótast eftir persónuleika, bakgrunni og umhverfi og að taka þurfi fullt tillit til einstaklingsins, að hafa áhugasvið, styrkleika og þroska hvers barns í brennidepli. Þessi hugmyndafræði fellur vel að hugsmíðastefnunni þar sem lögð er áhersla á að námsumhverfi sé auðugt, opið og hvetjandi og byggist á virkri þátttöku nemandans sem hefur áhrif á þroskaferli hans.

Við höfundar komumst að því í gegnum rannsóknarspurningu okkar: **hvernig læsi þróast hjá börnum á leikskólaaldri?** að læsi þróast jafnhliða orðaforða barnsins og málskilningi með stuðningi frá umhverfinu. Undirbúningur fyrir lestrarnámið hefst strax á fyrsta æviári barns með því að foreldrar hjala og kjá við barnið sitt og styrkja þannig smám saman tilraunir barnsins til máltöku. Foreldrarnir eru fyrstu og mikilvægustu kennarar í lífi barnsins og leikskólinn er góð viðbót við kennslu foreldranna eins og fram kemur í *Aðalnámskrá leikskóla*. Við teljum að hlutverk leikskólakennara sé mun viðameira en margir gera sér grein fyrir. Oft á tíðum er leikskólinn nánast aðaluppalandi barnsins, því sum börn eru mestan vökutíma sinn í umsjón leikskólanna og því er nauðsynlegt að leikskólakennarinn sé virkilega meðvitaður um mikilvægi síns hlutverks t.d. að vanda málfar sitt og vera góð fyrirmynd í orði sem verki og byggja upp fjölbreytt málumhverfi fyrir börnin. Öll þurfum við að ná góðu valdi á okkar tungumáli og nauðsynlegt er að hafa góðan málskilning til að geta tekið þátt í umræðum á öllum þjóðfélagsstigum sem eiga sér stað í okkar samfélagi. Því er nauðsynlegt að styðja vel við málþroska barna frá fæðingu og uppáendur barna verða að gera sér grein fyrir því að börn verða að öðlist góðan og breiðan orðaforða sem eykur hæfni þeirra til að læra lestur og skrift seinna meir.

Málörvun er stór þáttur í þroska barnsins og í þessu verkefni má sjá að þau börn sem fá litla málörvun standa verr að vígi þegar kemur að lestrarnámi. Þegar barn byrjar í leikskóla teljum við höfundar að leikskólar eigi að vinna markvisst með málörvun, leggja mikla áherslu á lestrarhvetjandi umhverfi, málskilning og efla hljóðkerfisvitund barna. Að okkar mati eru þetta undirstöðuþættir í lestrarnámi og börnin standa betur að vígi þegar lestrarnám þeirra hefst. Leikskólinn er kjörinn vettvangur til að efla hljóðkerfisvitund barna, með því að fara í hlustunarleiki, rímleiki og leika sér með hljóð stafanna. Við teljum að það sé á valdi leikskólakennara að byggja upp gott málumhverfi með því að lesa fyrir börn og hvetja til umræðna. Einnig að börnin færi fram rök fyrir máli sínu og að þau læri að hlusta og bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Það er líka mikilvægt að kennarinn sé meðvitaður um mikilvægi málörvunar í daglegu starfi. Stór þáttur málörvunar og fræðslu fer fram í gegnum lestur bóka. Með því að lesa fyrir börn eykst orðaforði og málsskilningur þeirra og þau gera sér grein fyrir að ritmálið hefur merkingu.

Til að komast að því hvernig læsi þróast hjá börnum á leikskólaaldri kynntum við okkur mismunandi aðferðir þriggja leikskóla í lestrarnámi barna. Allir leikskólarnir leggja mikla áherslu á málörvun og lestrarhvetjandi umhverfi, þar sem allt umhverfið er þannig uppbyggt að börnin hafa ritmálið allt í kringum sig og daglega er lesið fyrir þau og þau hafa góðan aðgang að bókum. Allir leikskólarnir leggja mikla áherslu á hlustun sem er mikilvægur þáttur í lestrarnámi. Málörvun er í gegnum daglegt starf m.a. í gegnum spil og leiki sem stuðla að hljóðgreiningu. Leikskólarnir nota allir Hljóm-2 til að kanna hljóðkerfisvitund og skima hvort börn séu í áhættuhópi í sambandi við lestrarörðuleika. Hlúð er að þeim þáttum sem þarf að styrkja hjá þeim. Við teljum Hljóm-2 vera mjög gott tæki til að nota markvisst til að meta stöðu barnanna og vinna í kjölfarið að stuðningi. Leikskóli X er með málörvunarhóp fyrir öll börn sem Hljóm-2 gefur vísbendingar um að þurfi sérstakan stuðning, tvítyngd börn og börn með slakan orðaforða. Leikskóli Z skiptir börnunum niður í hópa eftir því í hverju þau eru slök, með það að markmiði að veita viðeigandi aðstoð. Leikskóli Y vinnur einstaklingsmiðað með niðurstöður úr Hljóm-2, eftir því sem við á fyrir hvern einstakling.

Eftir að hafa kannað mismunandi aðferðir í lestrarkennslu í leikskóla aðhyllumst við höfundar einna helst aðferðir leikskóla Z þar sem mikil áhersla er lögð á málskilning, málörvun og hljóðkerfisvitund og síðar á leikskólagöngunni er söguaðferðin notuð. Við aðhyllumst þessar aðferðir vegna þess að við teljum þær leikskólamiðaðar og lestrarnámið er byggt á leik. (Leikskólinn hefur hugsað sér að leggja niður beina stafainnlögn).

Með söguaðferðinni þarf barnið að nýta eigin reynslu og málskilning í sögugerð sína, sögur barnanna lengjast með tímanum og börn verða læs með þessari aðferð.

Leikskóli X byggir aðferðir sínar mikið á beinni stafainnlögn í kennslu elstu barna en hefur hugleitt að leggja þá aðferð niður. Við höfundar teljum að margir leikskólakennarar séu að opna augun fyrir því að bein stafainnlögn er ekki hentugasta aðferðin til að nota í leikskóla. Við lítum á það sem úrelt sjónarmið að börn læri að lesa með beinni stafainnlögn eins og t.d. aðferðir Helgu Sigurjónsdóttur byggja á og leikskóli Y vinnur eftir. Við teljum hennar aðferðir, beina stafainnlögn ekki henta leikskólastarfi vel, því þær eru ekki nógu mikið miðaðar að námsleið barna á leikskólaaldri sem er leikurinn. Helga hefur m.a. sagt að hún telji að markviss málörvun skipti ekki máli í lestrarnámi og því erum við höfundar þessa verkefnis algjörlega ósammála og teljum að málörvun sé einn af undirstöðuþáttum lestrarnáms. Börn sem hafa fengið málörvun og lögð hefur verið áhersla á að efla málskilning ásamt því að nota söguaðferðina teljum við vera nútíma aðferðir sem henti námi í leikskóla mjög vel og auðvelt er að kenna í gegnum leik.

Leikskólastjórnarnir þrír sem við ræddum við í könnun okkar eiga það sameiginlegt að telja sig vera mjög meðvitaða um hlutverk sitt í lestrarnámi en nálgast lestrarnám barna á ólíkan hátt. Leikskólarnir segjast allir kenna í gegnum leik og lestrarnám fari fram í gegnum leik. En við spyrjum okkur hvar mörkin séu á milli leiks og beinnar kennslu. Er bein stafainnlögn leikur? Svo teljum við ekki vera eins og þegar börn eru beðin um að skrifa ákveðna stafi á blað eða töflu, dæmi skrifaðu B! Við höfundar álítum það beina kennslu en ekki leik og teljum að í leikskóla sé nauðsynlegt að kenna í gegnum leik, það geri námið m.a. áhugaverðara fyrir börnin. Í *Aðalnámskrá leikskóla* kemur m.a. fram að leikurinn sé hornsteinn leikskólastarfsins og reynsla barnsins endurspeglar í leiknum og leitast börnin við að takast á við verkefni sem reyna á færni þeirra og afla þeim nýrrar þekkingar. Í hlutverkaleik sem dæmi leika börnin sér með ýmis hugtök og lesa og skrifa í þykjustunni og máta sig í hin ýmsu hlutverk. Leikurinn gefur börnunum tækifæri til að uppgötva og framkvæma í reynd. Að okkar mati gefur góður leikskóli af sér börn sem telja að þau hafi lært á eigin forsendum en gera sér ekki grein fyrir því að leikskólakennarar hafi lagt eitthvað að mörkum. Það er einmitt hugmyndafræði sem Dewey og Piaget boða, að börnin læri stig af stigi. Í gegnum uppgötvunarnám með samnemendum sínum og í gegnum fjölgreindarkenninguna að finna sinn eigin styrk á þeirri greind sem stendur þeim hæst. Allar aðferðir leikskólanna, þó ólíkar séu virðast skila góðum árangri í lestrarnámi barna. Því teljum

við að með könnunin sýni ekki að ein aðferðin skili betri árangri en önnur. Einnig komumst við að því að bein stafainnlögn er ekki nauðsynleg í leikskóla til að ná góðum árangri í lestrarnámi, heldur skili söguaðferð, lestrarhvetjandi umhverfi, málskilningur og efling hljóðkerfisvitundar í gegnum leikinn ekki síður árangri.

Megin niðurstöðu þessa verkefnis telja höfundar vera að þróun læsis á sér ekki einungis stað í gegnum málörvun, hljóðkerfisvitund og lestrarhvetjandi umhverfi heldur skiptir almenn lífsreynsla barna miklu máli í lestrarnámi. Börnin byggja ofan á fyrri þekkingu sem þau hafa aflað sér, sama af hvaða tagi hún er. Þetta fellur vel að hugsmíðahyggjunni og fjölgreindarkenningunni og drögum við þá ályktun að fræðimenn hugsmíðahyggjunnar, Piaget og Dewey og síðar Gardner með fjölgreindarkenninguna séu sammála um það að barnið læri af fyrri reynslu og byggi ofan á þekkingu sína. Í okkar huga er það að vera læs að skilja fyrir hvað bókstafirnir standa, geta tengt þá saman og þegar málskilningur og orðaforði er til staðar. Að okkar mati eru börn sem geta aðeins lesið og skrifað þriggja stafa orð, samanber leikskóla X, ekki orðin læs. Þau eru enn á því stigi að læsi þeirra er að þróast en þó komin með góðan grunn fyrir áframhaldandi lestrarnám.

Þar sem leikskólinn gefur sig út fyrir að vera leik-skóli og byggir námleiðir sínar í gegnum leik eins og áður hefur komið fram, er best að lestrarnámið fari þannig fram. Nægur tími er fyrir börnin síðar meir til að sitja við stóla og borð og læra í gegnum beina kennslu við sitt nám.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá leikskóla.* 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. 2003. Þróun Hljóm-2 og tengsl þess við lestrarfærni og ýmsa félagslega þætti. *Uppeldi og menntun* 12:9-30.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. 2005. Bókstafir kynntir til leiks. *Skólavarðan* 5,6:18 Reykjavík, Kennarasamband Íslands.
- Appelberg, Lisbeth og Märta-Lisa Eriksson. 1999. *Barn erövrar datorn – en utmaning för vuxna.* Lund, Studentlitteratur.
- Aldís Guðmundsdóttir. 1997. *Sálfræði, vöxtur og þroski.* 2. útg. Reykjavík, Mál og menning.
- Armstrong, Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni.* Þýðandi Erla Kristjánsdóttir. Reykjavík, JPV útgáfa.
- Ágústa Pálsdóttir 1998. Uppeldi og lestur. *Uppeldi og menntun* 7:13-20.
- Ásthildur Snorradóttir. 1999. Lestur og hljóðkerfisvitund. *Glæður* 9,2:10-11.
- Ásthildur Snorradóttir. 2001. Lestur og hljóðkerfisvitund. *Talfræðingurinn* 15,1:71-74.
- Ásthildur B. Snorradóttir og Valdís B. Guðjónsdóttir. 2001. *Ljáðu mér eyra- undirbúningur fyrir lestur.* Reykjavík, Skjaldborg.
- Bee, Helen. 2000. *The Developing Child.* New York, Harper Collins.
- Bjørke, Gerd. 2001. *Problembasert læring. Ei innføring for profesjonsutdanningane.* Oslo, Universitetsforlaget.
- Bloom, Wendy, Mick Waters og Tony Martin. 1988. *Managing to read. A wholeschool approach to reading.* London, Mary Glasgow publications.
- Burns, Susan M og Peg Griffin. 1999. *Starting Out Right.* Wasington, National Academy Press.
- C.M. Charles.1982. *Litla Piaget kverið.* 2. útg. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- DeVries, Rheta og Betty Zan. 1994. *Moral classrooms, moral children. Creating a constructivist atmosphere in early education.* New York, Teachers college press.
- Dewey, John. 2000. *Reynsla og menntun.* Gunnar Ragnarsson þýddi. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson. 2004. *Lífsleikni-sjálfs hjálp, sjálfsagi og samkennd. Handbók fyrir kennara og foreldra*. Reykjavík, Námsgagnastofnum.

Félag íslenskra leikskólakennara. [2000]. Reykjavík, Félag íslenskra leikskólakennara.

Gardner, Howard. 1993. *Frames of mind-the theory of multiple intelligences*. London, Fontana Press.

Gardner, Howard. 1999. *Intelligence Reframed*. New York, Basic Books.

Gardner, Howard. 2006. Howard Gardner. <http://www.pz.harvard.edu/PIs/HG.htm> (Tekið af netinu 27.01.2006)

Geekie, P og B. Raban. 1994. Language learning at home and school. Gallaway, C. og B. J. Richards (ritstj). *Input and Iteration in Language Acquisition*. Cambridge, Cambridge University Press.

Goleman, Daniel. 2004. *Tilfinningagreind*. Áslaug Ragnarsdóttir þýddi. Reykjavík, Iðunn.

Gottschall, Susan M. 1995. Hug-a-book. A program to nurture a young child's love of books and reading. *Young children* 50,6:29-35.

Guðlaug Guðmundsdóttir. 2005. Skólakerfið á að vera í sífældri endurskoðun. *Skólavarðan* 5,1:5-6

Guðmundur Engilbertsson og Rósa Eggertsdóttir. 2004. *Lesskimunarprófið Læsi*. Akureyri, Skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri.

Guðmundur Kristmundsson. 2001. Læsi og lestur. *Alfræði íslenskrar tungu*. (ritstj Þórunn Pálsdóttir og Heimir Pálsson). Námsgagnastofnun, Reykjavík. [Margmiðlunardiskur.]

Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 1995. *Uppeldi*. Reykjavík, Mál og menning.

Hall, Irene og David Hall. 2004. *Evaluation and social research*. New York, Palgrave Macmillan.

Hayes, B. L. (ritstj). 1991. *Effective Strategies for Teaching Reading*. Needham Heights. Boston, Allyn and Bacon.

Hitchcock, G. Og D. Hughes. 1995. *Research and the Teacher. A Qualitative Introduction to School-based Research*. New York, Routledge.

- Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. 1999. *Markviss málörvun*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Helga Sigurmundsdóttir. 2001. *Áhrif þjálfunar*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 1993. Vangaveltur um máltöku og lestrarnám. *Lestur og mál*. (ritstj Indriði Gíslason og Guðmundur B. Kristinsson), bls.53-61. Reykjavík, Iðunn.
- Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. 2002. *Hljóm 2*. Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Reykjavík, Gutenberg.
- Johansen, Wence May og Anne Brynhildsen. 1998. Leikur og nám í leikskóla. Guðrún Bjarnadóttir þýddi. *Athöfn* 30,1:33-36.
- Jones, Elizabeth og Gretchen Reynolds. 1992. *The play is the thing... Teachers' roles in children's play*. New York, Teachers college press.
- Jóhann Ólafsson (ritstj). 1988. *Málörvun og lestrarkennsla*. Reykjanesbær, Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis.
- Jóhanna Einarsdóttir. 1997. Áhrif kenninga John Dewey á leikskólastarf. *Athöfn* 29,1:115.
- Kristín Elfa Guðnadóttir. 1995. Málþroski. *Uppeldi* 8,2:17-27.
- Kristín Elfa Guðnadóttir og Guðrún Hjartardóttir. 1995. Tal barnsins og framburður. *Uppeldi* 8,2:26.
- Kupetz, B. N. og Jepson Green, E. 1997. Sharing Books With Infants and Toddlers, Facing Challenges. *Young Children* 52,2:22-27.
- Lóa Aldísardóttir. 2001. Rúsínu, rababara, flautu og fisk. *Uppeldi* 16,2:24-27.
- Lundberg, I., Frost, J., og Petersen, O.P. 1988. Effects of an extensive program for stimulating phonological awareness in preschool children. *Reading Research Quarterly* 23:264-284.
- Lög um grunnskóla nr. 49/1991.*
- Lög um leikskóla nr. 78/1994.*
- Margrét Sigurðardóttir og Sigrún Birgisdóttir. 1998. *Ritmálsörvun í leikskólum*. Reykjavík, höfundar gáfu út.
- Málfríður Gísladóttir. 1999. Hvað er lestur? *Uppeldi* 12,5:23-24.

- Morrow, Lesley Mandel. 2001. *Literacy Development in The Early Years*. USA, Allyn & Bacon.
- Myhre, Reidar. 2001. *Stefnur og straumar í uppeldissögu*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun KHÍ.
- Peer, W. van. 1991. Literary socialization in the family. A state of the art. *Poetics* 20,199:539-558.
- Pind, Jörgen. 1997. *Sálfræði ritmáls og talmáls*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Rannveig A. Jóhannsdóttir. 1997. Af því læra börnin málið. Málþjálfun á mótum leikskóla og grunnskóla. *Uppeldi og menntun* 6:7-35
- Reykjanesbær. 2006. http://www.rnb.is/upload/files/lestrarmenning_rnb.pdf
(Tekið af netinu 23,03 2006).
- Rit um uppeldisstefnur*. 1994. Reykjavík, Framhaldsdeild Fósturskóla Íslands.
- Sjálfsmat skóla, leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar*. 1997. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Skólustefna Akureyrarbæjar*. 2006. Akureyri, Skóladeild Akureyrarbæjar.
- Signý Einarsdóttir. 2001. Málörvun í leikskólum. *Athöfn* 33,1:26-28.
- Sigrún Birgisdóttir og Margrét Sigurðardóttir. 1996. Leikur og ritmál. *Athöfn* 28,1:25-29.
- Sigurður J. Grétarsson. 2000. *Vísindavefurinn*. Hvað er greind?
<http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=22&pid=24>
(Tekið af netinu 13.mars 2006)
- Sigurjón Björnsson. 1992. *Formgerðir vitsmunalífsins*. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Steinunn Torfadóttir.[án árs]. Leggjum börnum lið....við læsi. *Heimili og skóli – Landssamtök foreldra*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands
- Uppeldisáætlun fyrir leikskóla*. 1993. Markmið og leiðir. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið
- Valborg Sigurðardóttir. 1991. *Leikur og leikuppeldi*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið

Wells, Gordon. 1987. *The meaning makers: children learning and using language to learn*. London, Hodder & Stoughton.

Wolfgang Edelstein. 1988. *Skóli, nám, samfélag*. Reykjavík, Iðunn.

Þóra Kristinsdóttir. 2000. Að lesa...list er góð. *Lestrarbókin okkar*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Munnlegar heimildir:

Viðtal við leikskólastjóra, leikskóla X.

Viðtal við leikskólastjóra, leikskóla Y.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra, leikskóla Z.

Fylgiskjal

1. Spurningalisti sem stuðst var við í viðtölum þriggja leikskólastjóra.

Spurningarammi fyrir könnun

Athugið að þessi spurningalisti er aðeins rammi til stuðnings í viðtölum okkar við yfirmenn leikskólanna þriggja, og er ekki tæmandi spurningalisti.

- Geturðu sagt mér örlítið frá sjálfri þér? Hver er menntun þín og starfsaldur?
- Getur þú sagt mér hver sérstaða ykkar er í lestrarnámi / undirbúnings fyrir lestrarnám?
- Hvaða aðferðir noti þið við lestrarkennslu?
- Hvaða fræðimenn styðjist þið við í lestrarnáminu?
- Hvað vakti áhuga ykkar við að nota þessa aðferð?
- Hvernig er umhverfið í leikskólanum skipulagt fyrir lestrarnám?
- Hvaða árangri telji þið að ykkar aðferðir skili í lestrarnámi?
- Hvert er markmiðið með þessari aðferð?
- Hvað á barnið að kunna í lok leikskólagöngu?
- Er unnið markvisst með lestrarkennslu í öllum námsviðum leikskólans?
- Er leikurinn nýttur sérstaklega til málövnunar? Er samband á milli leiks og lestrarhvetjandi eða -styðjandi umhverfis?
- Hvernig er miðlunin (aðferðir)? Leikur, myndir, hljóð, samræður, söngur...?
- Hvernig er brugðist við þegar barn/börn hafa ekki góða raunverulega reynslu sem eflir hugtakaskilning, orðaforða o.s.frv? Er börnum boðið upp á slíka reynslu í skólanum? Er það bein og raunveruleg reynsla eða "virtual" reynsla: t.d. í gegnum myndir, lestur og samræður í stað beinnar reynslu? Hvaða aðgerðir skila árangri í að efla orða- og hugtakaförða?
- Segðu mér hvernig getur leikskólakennarinn unnið að því að styrkja hljóðkerfisvitund?
- Er það gert almennt, eða er unnið sérstaklega með börnin út frá stöðu þeirra hvað hljóðkerfisvitundina varðar? (einstaklingsmiðað)

- Ef Hljóm 2 gefur vísendingar um mögulega lestrarerfiðleika síðar, er þá unnið sérstaklega að málörvun og styrkingu?
- Hvað er gert við niðurstöður Hljóm? Unnið sérstaklega með hverju barni, eða almennt átak? Er sérfræðingur sem yfirfer prófin og veitir svo kennurum ráðgjöf? Fylgja niðurstöður nemanda í grunnskóla - er samstarf milli leik- og grunnskóla hvað þetta varðar?
- Lestrarkennsluáferðir skiptast gjarnan í eindaraðferðir (t.d. hljóðaáferð) sem byggja á smæstu einingum sem víkkaðar eru svo út eða heildaraðferðir (t.d. áferðir Jörgen Frost, Sarah Gudsinsky og LTG) sem byggja á merkingarbærum texta sem þáttaður er niður í það smæsta. Hvaða viðhorf hafa leikskólakennarar til þessara áferða. Eru eindaraðferðir ofan á vegna þess að styrkja á sérstaklega hljóðvitund, hljóðkerfisvitund.
- Hvaða þekkingu hafa leikskólakennarar á lestrarkennslu?
- Eru einhverjir þessara þátta sem styrkja sérstaklega eða styðja við lestur, hljóðkerfisvitund eða málörvun fastir í skipulagi skólans?